ÁSTA GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

*Veit fátt betra en heimagerða súpu*

• matur • helgin

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




SAGA SIGURÐARDÓTTIR

*Alveg heltekin af ljósmyndun*

FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. ágúst 2009 — 203. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR



### Vill fallegt fólk í sjónvarp

Raul Rodriguez í einlægu viðtali við bandarískt dagblað.

FÓLK 26

### Fær mikla athygli



Helstu fjölmiðlar heims fjalla um samband Sólskinsdrengsins og Kate Winslet.

FÓLK 34

### Við munum öll deyja

„Við erum lítil þjóð í vondum málum og það er enginn riddari í sjónmáli," skrifar Sæunn Kjartansdóttir.

Í DAG 14

### Nýr skáli á mettíma



Ferðafélag Fljótsdalshéraðs fagnaði fjörutíu ára afmæli í vikunni.

TÍMAMÓT 16

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART SYÐRA** Í dag verða norðan 5-13 m/s, stífastur norðvestan til þegar líður á daginn. Rigning norðanlands og austan annars þurrt að mestu og bjart með köflum syðra. Hiti 5-16 stig, hlýjast SA-til.

VEÐUR 4





Fréttablaðið er með 106% meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft...



Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í maí 2009 – júlí 2009.




**Í GLERBÚRINU** Á þriðja hundrað mótmælti Icesave-samningunum við Alþingishúsið í gær. Samningarnir verða að líkindum samþykktir í dag og þá getur þingið farið í langþráð frí. Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra sést hér ganga milli þinghúsa og virða fyrir sér atganginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fimmtungur borgar ekki eða í vanskilum

**Vanskil aukast jafnt og þétt á íbúðalánum hjá bönkunum. Stjórnvöld athuga hvort líta skuli bílalán sömu augum og íbúðalán þegar að skuldaleiðréttingu kemur. Nefnd á vegum þriggja ráðuneyta á að skila tillögum á næstunni.**

**EFNAHAGSMÁL** Tuttugu prósent húsnæðislána hjá viðskiptabönkunum þremur eru í vanskilum eða ekkert er greitt af þeim. Stjórnvöld hyggjast skoða fjárhagsvanda heimilanna vegna greiðslubyrði og skuldsetningar heildstætt. Því verður því ekki einungis horft til húsnæðislána, heldur einnig bílalána.

Nefnd á vegum þriggja ráðuneyta hefur fjallað um skuldavanda heimilanna síðan í byrjun ágúst, með sérstöku tilliti til þess hvernig þau úrræði sem boðið hefur verið upp á hafa reynst. Gert er ráð fyrir að þessi nefnd komi með tillögur og úrræði á næstunni.

Í vinnu nefndarinnar mun mönnum orðið ljóst að óháð því hvaða aðferðafræði verði beitt, sé óumflýjanlegt að líta bílalán sömu augum og húsnæðislán. Annars sé jafnræðis ekki gætt. Ekki er rætt um flata niðurfellingu skulda, enda hefur það komið skýrt fram að hið opinbera hafi ekki bolmagn til slíkrar aðgerðar. Því er líklegra að bönkunum og lánafyrirtækjum verði falið að útfæra leiðirnar á sínum forsendum og forsendum skuldara.

> Það þarf kannski að grípa til róttækari aðgerða sem gætu falið í sér niðurfellingu skulda
>
> GYLFI MAGNÚSSON VIÐSKIPTARÁÐHERRA

Samkvæmt úttekt Seðlabanka Íslands, sem gerð var fyrir viðskiptaráðuneytið og birt í byrjun júlí, eru 40.414 manns með bílalán í erlendri mynt að öllu leyti eða að hluta. Heildarupphæð lánanna er 115 milljarðar króna.

Gengisbundin skuldabréf til heimila voru 315 milljarðar í lok september, þar af 107 milljarðar skilgreindir sem erlend húsnæðislán, samkvæmt svari félagsmálaráðherra á Alþingi í febrúar.

„Þetta er mikið forgangsmál og mikil áhersla lögð á að bregðast við skuldavanda heimilanna, bæði íbúða- og bílalánum," segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra. „Það þarf kannski að grípa til róttækari aðgerða sem gætu falið í sér niðurfellingu skulda, hvort sem það er gert með formlegri greiðsluaðlögun eða hvort viðkomandi stofnanir setja upp áætlun sem gengur upp fyrir viðskiptavini þeirra," segir Gylfi.

- shá / vsp

Ísland tapaði fyrir Noregi:

## EM-draumur stelpnanna úti

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið tapaði í gær fyrir Noregi á Evrópumeistaramótinu í Finnlandi, 1-0. Norðmenn skoruðu sigurmark leiksins á lokaandartökum fyrri hálfleiks en íslenska liðið náði ekki að svara fyrir sig eftir leikhlé þrátt fyrir hetjulega baráttu.

Ísland á þar með engan möguleika á að komast áfram í fjórðungsúrslit keppninnar. Liðið mætir Þýskalandi í lokaleik sínum í Finnlandi á sunnudag.

- esá / sjá síðu 30







**SPURNING DAGSINS**



*Rúnar Helgi, hefur þetta mikla þýðingu fyrir ykkur?*

„Já, þetta þýðir að íslenskan verði í askana látin.“

Umsóknaraðild Íslendinga að Evrópusambandinu hefur í för með sér mikil uppgrip fyrir íslenska þýðendur. Rúnar Helgi Vignisson er formaður Bandalags þýðenda og túlka.

Forseti ASÍ segir þingkonu Framsóknar ekkert vita um ASÍ og lífeyrissjóðina:

# Verðtrygging eða upptaka evru

**EFNAHAGSMÁL** Verðtryggingin er afsprengi óstöðugs hagkerfis, þar sem stjórnmálamenn leiðrétta mistök sín með því að fella gengi krónu. Hún er skásti valkostur lántakenda, sem annars þyrftu að taka gengistryggð lán, eða hafa breytilega vexti á lánum.

Slíkir vextir hefðu til dæmis farið í 25,5 prósent haustið 2008.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir þetta, spurður um gagnrýni Eyglóar Harðardóttur, þingmanns Framsóknar, í garð ASÍ í blaðinu á miðvikudag.

Eygló sagði þar að ríkisstjórnin hafi ekki hreyft við verðtryggingunni, því það sé „andstætt vilja eins helsta bakhjarls Samfylkingarinnar, ASÍ, sem [vill] verja sitt helsta valdatæki, lífeyrissjóðina“.

„Umrædd þingkona þekkir greinilega ekki nokkurn skapaðan hlut til. ASÍ skipar ekki einn einasta fulltrúa í stjórn lífeyrissjóðs og hefur enga beina aðkomu að rekstri þeirra. Hins vegar eru sjóðirnir partur af okkar kjarasamningi og einstök aðildarfélög kjósa stjórnarmenn lífeyrissjóða. Þetta hefur ekkert með valdavígi að gera heldur hefur að gera með að standa vörð um réttindi fólks,“ segir Gylfi.

Spurður hvort hann telji enga ástæðu til að endurskoða verðtrygginguna, segir Gylfi: „Jú, það er mjög mikil ástæða til þess. Það gerum við með því að fá meiri stöðugleika í hagkerfið, meðal annars með því að sækja um aðild að ESB og taka upp evru. Þá fengi fólk svipuð kjör og fást í nágrannalöndunum.“ - kóþ



**GYLFI ARNBJÖRNSSON** Segir mjög mikla ástæðu til að enduskoða verðtrygginguna. Það verði gert með því að auka stöðugleika, með aðild að ESB og upptöku evru. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Var haldið í Guantanamo:

## Vill bætur frá Bandaríkjunum

**AFGANISTAN, AP Einum af yngstu föngum í Guantanamo-fangabúðunum á Kúbu hefur verið sleppt úr haldi. Hann var færður í búðirnar frá Afganistan árið 2002, sakaður um að hafa kastað handsprengju að bíl. Í árásinni særðust tveir bandarískir hermenn.**

**Dómari fyrirskipaði að honum skyldi sleppt og taldi að hann hefði verið neyddur til að játa á sig árásina. Mohammed Jawad hyggst nú kæra Bandaríkjastjórn vegna málsins. Hann segist hafa sætt margvíslegum pyntingum í búðunum. Fjölskylda hans segir hann hafa verið tólf ára þegar hann var handtekinn.** - þeb

Iðnaðarráðherra:

## Vill endurskoðun samnings

**STJÓRNMÁL** Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra telur að endurskoða þurfi samning milli HS Orku og Reykjanesbæjar um framsal á auðlindum til 65 ára. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Katrín minnir á að til er nefnd sem mótar stefnu um auðlindir í eigu ríkisins. Henni finnst eðlilegt að sú vinna sé höfð til hliðsjónar og að samningur milli HS Orku og bæjarins sé endurskoðaður með það í huga, sérstaklega þegar kemur að greininni sem fjallar um leigutíma. Þar telur hún að gengið hafi verið of langt. Hún segist hafa komið þessum skoðunum sínum til skila. - þeb



**KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR**

Stúlka sem var rænt:

## Fundin eftir átján ár í gíslingu

**BANDARÍKIN Allar líkur eru á því að stúlka, sem rænt var í Bandaríkjunum fyrir átján árum, sé komin í leitirnar. Tveir menn eru nú í haldi lögreglu vegna málsins.**

**Konan sem um ræðir gekk inn á lögreglustöð og sagðist vera Jaycee Lee Dugard, og hefði verið rænt fyrir átján árum síðan. Jaycee Lee var ellefu ára gömul þegar henni var rænt á leið í skóla. Hún hefur aldrei sést síðan.**

**Lögreglan í Kaliforníu segir að allar líkur séu á því að konan sé fundin og foreldrar hennar eru á sama máli. Niðurstaðna úr DNA-prófi var að vænta í nótt.** - þeb

# Laun forstjóra Stoða lækkuð í 1,5 milljónir

**Fimm milljóna króna mánaðarlaun forstjóra Stoða lækka um 70 prósent. Þetta kemur fram í yfirlýsingu stjórnarformanns Stoða sem bendir á að félagið sé ekki í meirihlutaeigu ríkisins. Ekki fæst upplýst hvenær nýju kjörin taka gildi.**

**FJÁRMÁL** Laun Jóns Sigurðssonar, framkvæmdastjóra Stoða, lækka um 70 prósent samkvæmt nýjum samningi sem Eiríkur Elís Þorláksson, stjórnarformaður félagsins, sagði frá í gær.

Eiríkur sendi frá sér yfirlýsingu eftir að Fréttablaðið birti í gær frétt þess efnis að framkvæmdastjóri Stoða væri enn á fyrri ofurlaunum þrátt fyrir að félagið hafi gengið í gegnum nauðasamninga þar sem skuldir umfram eignir voru um 200 milljarðar króna. Fram kom í fréttinni að verið væri að semja við Jón Sigurðsson um laun á lágstemmdari nótum.

„Framkvæmdastjóri félagsins, Jón Sigurðsson, hefur síðustu misserin starfað fyrir Stoðir, áður FL Group, samkvæmt gildandi ráðningarsamningi. Laun framkvæmdastjóra samkvæmt samningnum eru um fimm milljónir króna á mánuði. Eftir að nauðasamningar Stoða voru samþykktir fyrr í sumar varð fyrst ljóst að starfsemi félagsins myndi halda áfram. Samkomulag hefur nú verið gert við framkvæmdastjóra félagsins sem felur í sér yfir 70 prósenta lækkun á launum hans,“ segir í yfirlýsingu Eiríks. Samkvæmt þessu verða mánaðarlaun Jóns um 1,5 milljónir króna.

Fréttablaðið óskaði í gær eftir nánari svörum frá félaginu um starfskjör framkvæmdastjórans. „Frá hvaða tímapunkti gilda þessi nýju launakjör? Fær forstjórinn aðrar greiðslur í tengslum við það að gefa eftir fyrri ráðningarsamning sinn við Stoðir?“ segir í fyrirspurn Fréttablaðsins sem Stoðir kusu að svara ekki.





**UMRÓTATÍMAR** Mikil óvissa skapaðist um framtíð Stoða við yfirtöku ríkisins á Glitni í fyrrahaust. Stoðir fóru í greiðslustöðvun og tóku kröfuhafar félagið yfir með nauðasamningum í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**EIRÍKUR ELÍS ÞORLÁKSSON**



**JÓN SIGURÐSSON**

Í yfirlýsingu Eiríks stjórnarformanns segir að ekki sé rétt að Stoðir séu í meirihlutaeigu ríkisfyrirtækja eins og sagt var í Fréttablaðinu. Þar kom fram að gamli Glitnir og Nýi Landsbankinn eigi samtals um 58 prósent í Stoðum. Voru félögin bæði tvö í fréttinni talin í eigu ríkisins. Hið rétta er hins vegar að gamli Glitnir er ekki í eigu ríkisins heldur tilheyrir hópi ótiltekinna kröfuhafa sem á eftir að skýrast hverjir eru. Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis, segir helstu kröfuhafa vera erlenda banka.

Ekki liggur á lausu hverjir eru hluthafar í Stoðum fyrir utan gamla Glitni og nýja Landsbankann. Júlíus Þorfinnsson, verkefnastjóri hjá félaginu, segir hluthafana á annað hundrað talsins, að mestu íslenskar og erlendar fjármálastofnanir og félög. „Stoðir eru ekki lengur með skráð hluta- eða skuldabréf í Kauphöll Íslands og nánari upplýsingar eru ekki veittar um hluthafalista félagsins, að minnsta kosti ekki að svo stöddu,“ segir Júlíus.

gar@frettabladid.is



**HVALURINN FÆRÐUR** Talsvert átak var að koma hvalnum fyrir í Kringlunni og þurfti að labba með hann langa leið á áfangastað. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í tengslum við frumsýningu:

## Risastór hvalur í Kringlunni

**MENNING** Risastórum hval var komið fyrir í Kringlunni í gær og verður hann þar til sýnis næstu daga.

Hvalurinn verður í Kringlunni í tengslum við frumsýningu myndarinnar Reykjavík Whale Watching Massacre, sem verður frumsýnd þann 4. september næstkomandi.

Það er Júlíus Kemp sem leikstýrir myndinni, sem fjallar um hóp ferðamanna sem fer í hvalaskoðun. Myndin er líklega fyrsta íslenska hryllingsmyndin sem gerð hefur verið. - þeb

**SLYS**

### Þyrlan sótti stúlku

Sextán ára stúlka féll af reiðhjóli sínu á fjallvegi norðan Tindafjallajökuls í gær. Talið er að hún hafi axlarbrotnað og hlotið kviðáverka. Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti stúlkuna og flutti hana á Landspítalann í Fossvogi um kvöldmatarleytið í gær.

**EFNAHAGSMÁL**

### Vísitalan hækkar enn

Vísitala neysluverðs miðuð við verðlag í ágústmánuði er 346,9 stig og hækkaði um 0,52 prósent frá fyrra mánuði. Síðustu tólf mánuði hefur vísitalan hækkað um 10,9 prósent, samkvæmt tölum Hagstofunnar.





Stjórnarandstaðan harmaði framgöngu ríkisstjórnarinnar í Icesave-málinu í gær:

# Atkvæði um Icesave greidd í dag

**ALÞINGI** Þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna létu ríkisstjórnina – og þá sér í lagi Steingrím J. Sigfússon fjármálaráðherra – heyra það í þriðju umræðu um Icesave-frumvarpið sem stóð á Alþingi í allan gærdag og fram á kvöld.

Töldu þeir stjórnvöld hafa haldið illa á málinu og í raun klúðrað því. Ætlan þeirra hafi verið að keyra málið óbreytt í gegnum þingið en til allrar lukku hafi það breyst mjög til betri vegar.

Það voru svo til eingöngu stjórnarandstöðuþingmenn sem fluttu ræður en örfáir stjórnarliðar tóku þó til máls.

Frumvarpið um ríkisábyrgð vegna Icesave-reikninga Landsbankans tók miklum breytingum í meðförum fjárlaganefndar. Voru færðir í það margvíslegir fyrirvarar, bæði efnahags- og lagalegir. Eru þeir í frumvarpinu sagðir „óaðskiljanlegur hluti ríkisábyrgðarinnar“.

Skrifað var undir Icesave-samningana 5. júní og frumvarp um ríkisábyrgð vegna lána var lagt fyrir þingið í byrjun júlí.

Til stendur að greiða atkvæði um málið á þingfundi sem hefst klukkan tíu í dag. - bþs



**SIGMUNDAR TVEIR** Þingmenn sátu að mestu hljóðir undir ræðum um Icesave-málið á Alþingi í gær. Áður en þingfundur hófst hafði forsætisnefnd Alþingis fjallað um frammíköll og tíðan óróa í þingsalnum síðustu vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

INTERNET SÍMANS

# Meira en venjuleg nettenging

NÝTT!
Aukinn hraði
meira
gagnamagn

Nýjar og betri áskriftarleiðir

NET

## Internet

Þú færð öruggt netsamband og allt að 16 Mb/sek. Allt að 120 GB niðurhal innifalið á mánuði.



TV

## Sjónvarp

Allar íslensku sjónvarpsstöðvarnar og yfir 60 erlendar stöðvar. Úrval af vönduðu efni, fréttum, fróðleik og barnaefni.



VOD

## Vídeóleiga

Þú velur mynd í SkjáBíói með einum takka á fjarstýringunni. Yfir 2000 titlar og boðið er upp á fjölbreytt efni fyrir 0 kr.



GÖGN

## Gagnageymsla

Með áskrift að Interneti Símans býðst þér að geyma afrit af skjölum, pósti og stafrænum ljósmyndum á öruggum stað.



VARI

## Netvarinn

Netvarinn verndar börn gegn óæskilegu efni á netinu og fylgir öllum áskriftum að Interneti Símans án endurgjalds.



800 7000 • siminn.is

Það er Síminn

ENNEMM / SÍA / NM38909

## GENGIÐ 27.08.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,31 | 128,93 |
| Sterlingspund | 207,57 | 208,57 |
| Evra | 182,86 | 183,88 |
| Dönsk króna | 24,563 | 24,707 |
| Norsk króna | 21,117 | 21,241 |
| Sænsk króna | 17,981 | 18,087 |
| Japanskt jen | 1,3692 | 1,3772 |
| SDR | 199,92 | 201,12 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

237,2866

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hundaræktarfélag Íslands er fjörutíu ára gamalt um þessar mundir:

# Afmæli fyrir hunda og menn

**DÝRAHALD** Hundaræktarfélag Íslands á fjörutíu ára afmæli um þessar mundir og var blásið til afmælisveislu fyrir dýr og menn í tilefni af því í gær. Veislan var haldin í reiðhöll Fáks í Víðidal og var höllin full af hundum af öllum stærðum og gerðum.

Meðal þess sem í boði var á afmælinu í gær voru fyrirlestrar, tískusýning á hundafatnaði og kynningar á sérþjálfuðum hundum, til dæmis lögreglu- og björgunarhundum. Þá brugðu hundar á leik með eigendum sínum, til að mynda dansaði íslenskur fjárhundur við eiganda sinn og boxerhundur fór í boltaleik við sinn eiganda. **- þeb**



**AFMÆLINU FAGNAÐ** Dagný Eiríksdóttur og hundurinn hennar Chico voru á meðal þeirra sem mættu í afmælið í gær. Chico er 190 sentimetra hár á tveimur fótum og borðar eitt kíló af mat á dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Peningastefnunefnd:

## Rök gegn því að lækka stýrivexti

**EFNAHAGSMÁL Nefndarmenn peningastefnunefndar Seðlabankans voru sammála um að veigamikil rök hnigju gegn lækkun stýrivaxta meðan gengi krónunnar var jafnlágt og raun bar vitni. Þetta kemur fram í fundargerð Seðlabankans frá því um miðjan ágúst.**

**Þótt þess sæjust engin skýr merki að fyrri lækkanir stýrivaxta hefðu haft veruleg áhrif á það að farið hefði verið í kringum gjaldeyrishöftin, fé safnaðist fyrir á gjaldeyrisreikningum eða á veikingu krónunnar almennt, væri samt sem áður ekki hægt að útiloka slík áhrif.**



**AKUREYRARVAKA** Vakan er orðin að hefð á Akureyri, þessi mynd er frá hátíðarhöldunum 2007.

Akureyrarvaka um helgina:

## Haldið upp á afmæli bæjarins

**FÓLK Akureyrarvaka var sett í Lystigarðinum á Akureyri í gærkvöldi. Garðurinn var upplýstur í tilefni þess.**

**Akureyrarvaka markar lok Listasumars á Akureyri og stendur hún í dag og á morgun. Á morgun á Akureyrarbær 147 ára afmæli og verður því fagnað samhliða vökunni.**

**Meðal þess sem er í boði á Akureyrarvöku er listasýning í Lystigarðinum og í Listagilinu.** **- þeb**

Ræningjar í Bretlandi:

## Búrkuklæddir þjófar á ferð

**BRETLAND, AP** Breska lögreglan leitar nú ræningja sem hafa framið þrjú vopnuð rán í landinu á undanförnum mánuðum.

Í öllum tilvikum hafa ræningjarnir verið íklæddir búrkum, klæðnaði sem sumar múslimskar konur klæðast og hylur allan líkama og andlit.

Á þriðjudag var úrum fyrir tug þúsundir punda stolið úr skartgripabúð í Banbury, norðvestur af London. Tvö svipuð rán hafa verið framin frá því í byrjun júlí og skoðar lögregla nú hvort sömu aðilar voru að verki í öllum tilvikum. **- þeb**

# Engin svör um meint gjaldeyrishaftasvindl

**Hvorki Seðlabankinn né Fjármálaeftirlitið vilja upplýsa nokkurn hlut um þau mál sem eru til rannsóknar vegna þess að talið er að farið hafi verið í kring um gjaldeyrishöftin. Herða á eftirlit en samtímis er stefnt að því að minnka höftin.**

**LÖGREGLUMÁL** „Almennt er það vegna þess að upplýsingar eru viðkvæmar, þær geta verið ónákvæmar og svo gæti birting þeirra skaðað rannsóknarhagsmuni eða valdið öðrum skaða,“ segir Stefán Jóhann Stefánsson, ritstjóri hjá Seðlabankanum, spurður hvers vegna bankinn svarar ekki spurningum Fréttablaðsins um meint brot á gjaldeyrishöftum.

Eins og kunnugt er hefur gengi krónunnar veikst umtalsvert á liðnum mánuðum þrátt fyrir gjaldeyrishöft og hagstæðan vöruskiptajöfnuð.

„Staða erlendra aðila í krónum hefur lækkað nokkuð undanfarna mánuði, sem bendir til þess að farið sé í kringum höftin í einhverjum mæli,“ segir í yfirlýsingu peningastefnunefndar Seðlabankans 13. ágúst síðastliðinn. Fréttablaðið óskaði eftir svörum frá Seðlabankanum um meint brot á gjaldeyrishöftunum sem vísað hefur verið til Fjármálaeftirlitsins.

„Seðlabankinn veitir ekki nákvæmar upplýsingar um það, en bankinn starfar í nánu samstarfi við FME vegna rannsókna á brotum um gjaldeyrismál og reglum settum á grundvelli þeirra og hafa stofnanirnar gert með sér samstarfssamning vegna þessa,“ er svarið þegar spurt er um fjölda slíkra mála.

„Seðlabanki Íslands getur ekki veitt upplýsingar um slíkt,“ er svarið þegar spurt er um stöðu þessara mála, þær upphæðir sem um sé að tefla og um hvaða aðila sé að ræða og í hvaða greinum þeir starfi.

Afnema á gjaldeyrishöftin í



**FER GJALDEYRINN Í RÉTTAR HENDUR?** Krónan veikist og Seðlbankinn hefur vísað ótilgreindum fjölda mála til Fjármálaeftirlitsins vegna gruns um að farið sé í kring um gjalderyrishöftin. NORDICPHOTOS/GETTY

áföngum. Fyrsti áfanginn verður að aflétta höftum af innstreymi gjaldeyris. Ætlunin er að hefja það ferli í október að því gefnu að nauðsynleg skilyrði hafi skapast. Á meðan er unnið að því að sjá til þess að betur sé farið eftir lögunum.

„Skref í þá átt var stigið með stofnun Gjaldeyriseftirlits innan Seðlabankans í júní. Frekari skref eru áformuð, en ekkert er hægt að segja um þau á þessu stigi,“ er svar Seðlabankans þegar spurt er hvort í bígerð sé að herða umgjörð og eftirlit með gjaldeyrishöftunum.

Fjármálaeftirlitið segir rannsóknirnar flóknar. Sum málin hafi orðið tilefni rannsóknar á öðrum brotum á lögum um gjaldeyrismál. „Vegna þessa er erfitt á þessari stundu að segja nákvæmlega til um fjölda mála sem til rannsóknar eru,“ útskýrir stofnunin.

Beita má stjórnvaldssektum við minni háttar brotum en stærri mál fara til lögreglu. Fjármálaeftirlitið svarar því ekki hvort viðurlögum hafi þegar verið beitt.

**gar@frettabladid.is**

Reykjavíkurborg:

## Ólöf ráðin sem skipulagsstjóri

**REYKJAVÍK** Ólöf Örvarsdóttir hefur verið ráðin skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar. Þetta var samþykkt á fundi borgarráðs í gær.



**ÓLÖF ÖRVARSDÓTTIR**

Ólöf er arkitekt að mennt og stundaði nám í Noregi og á Ítalíu.

Hún hefur víðtæka reynslu á sviði skipulagsmála og hefur unnið á teiknistofum á Íslandi og Ítalíu.

Ólöf hóf störf hjá borgarskipulagi 2001. Hún varð aðstoðarskipulagsstjóri 2007 og hefur gegnt starfi skipulagsstjóra Reykjavíkurborgar frá því í febrúar 2008.

Hún er gift Ásgeiri Geirssyni og eiga þau þrjú börn. **- kóþ**

Börnin í Menntaskólanum:

## Öll skráð í aðra skóla samhliða

**MENNTAMÁL Þau 40 börn sem eru skráð í Menntaskólann fyrir haustönnina eru öll skráð í einhverja aðra skóla, að sögn Eddu Huldar Sigurðardóttur, skólastjóra Menntaskólans. Börn sem ekki hafa hafið nám í haust eru í fríi með foreldrum, að sögn Eddu.**

**Menntamálaráðuneytið er nú með umsókn grunnskólans til umfjöllunar og getur ferlið tekið um fjóra mánuði. Edda segir að einhverjir foreldrar hafi sagst ætla að taka börnin úr skólum sem börnin eru skráð í um leið og Menntaskólinn fær starfsleyfi.**

**„Það gefur augaleið að ef það dregst eitthvað að við opnum er ekkert foreldri sem heldur barni sínu frá skóla í langan tíma,“ segir Edda.** **- vsp**


MÁLVERKAUPPBOÐ

Erum að taka á móti verkum fyrir næsta uppboð.

Lægri sölulaun – *Örugg þjónusta*



Galleri BORG

*Skipholti 35*

*105 Reykjavík. sími 511 7010*

*Gsm: 847-1600*

*petur@galleriborg.is*

Fyrir fjársterka aðila leitum við að módelmyndum eftir Gunnlaug Blöndal, verkum eftir Louisu Matthíasdóttur og góðum Kjarvalsmyndum.

Vinsamlegast hafið samband sem fyrst í síma 511 7010 eða 847 1600


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** Veðurfræðingur

**ÁGÆTT SYÐRA**

Í dag og alveg fram á sunnudag verður besta veðrið á landinu syðra. Má búast við björtu með köflum og ágætlega hlýju að deginum, sýnu hlýjast til landsins á suðausturlandi. Norðanlands og austan verður vætusamt og svalt og verður svo fram yfir helgi. Það er nokkuð á reiki hvað gerist eftir helgina.




**Á MORGUN**
5-13 m/s hægastur sunnan til.

**SUNNUDAGUR**
5-13 m/s, stfastur norðvestan til

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Amsterdam | 20° |
| Basel | 27° |
| Berlín | 28° |
| Billund | 18° |
| Eindhoven | 21° |
| Frankfurt | 25° |
| Friedrichshafen | 26° |
| Gautaborg | 21° |
| Kaupmannahöfn | 25° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 21° |
| New York | 22° |
| Orlando | 32° |
| Osló | 16° |
| París | 22° |
| Róm | 34° |
| Stokkhólmur | 22° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0397




# Í DAG ER OFURDAGUR BENSÍNORKUNNAR

# -5 kr.

af eldsneytislítranum á öllum stöðvum fyrir handhafa Orkulykla

Fáðu þér lykil að sparnaði

Alltaf 2 kr. afsláttur

Pantaðu nýja Orkulykilinn á **www.orkan.is** eða í síma **533 5123** og við sendum þér lykilinn þér að kostnaðarlausu. Við fyrstu notkun og á Ofurdögum Bensínorkunnar færðu **5 króna afslátt** af eldsneytislítranum en annars færðu alltaf **2 króna afslátt**.

Sæktu um Orkulykil á **www.orkan.is**

ORKAN BENSÍN

**Spáðu í hvað þú sparar!**

**KJÖRKASSINN**



*Munt þú sækja einhvers konar nám eða námskeið í haust?*

| | |
|---|---|
| Já | 36% |
| Nei | 64% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætti að selja Kanadamönnum hlut Orkuveitunnar í HS-Orku?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Sérstakur saksóknari þögull um útfærslu samstarfs við Evrópulögregluna:

# Ljómandi Europol-fundur

**LÖGREGLUMÁL** Fundur sérstaks saksóknara og yfirmanns efnahagsbrotadeildar Europol, ásamt fulltrúa Íslands hjá Europol, gekk ljómandi vel, að sögn saksóknarans, Ólafs Þórs Haukssonar. Mennirnir hittust á miðvikudag.

Spurður hvort af samstarfi verði milli sérstaks saksóknara og Europol, við rannsóknina á bankahruninu, bendir Ólafur Þór á að samstarfið sé nú þegar til staðar. Ísland hafi haft tengslafulltrúa í höfuðstöðvunum í Haag í tvö ár.

„Við vorum að kanna möguleikana á því að útfæra þetta samstarf,“ segir hann.

Ólafur Þór segist ekkert geta sagt til um hvernig rætt hafi verið um að útfæra samstarfið.

„Ég get ekki skilgreint það nema með því að gefa vísbendingar þeim sem aðgerðir kynnu að beinast að,“ segir hann.

Annars fundaði Ólafur Þór með Evu Joly í gær og segir hann hana bæði hafa farið yfir unnið starf og fært fram ákveðnar nýjungar.

„Þetta er allt samkvæmt áætlun og á þeim grunni sem lagt var upp með,“ segir sérstakur saksóknari. - kóþ



**ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON** Segir fund sinn með Carlo van Heuckelom, yfirmanni efnahagsbrotadeildar Europol, hafa gengið vel. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Ráðherrar Norðurlanda:

# Íslenskir námsmenn fá styrki

**MENNTAMÁL Menntamálaráðherrar og samstarfsráðherrar Norðurlandanna veittu um 135 milljónir króna á árinu til að styrkja íslenska námsmenn á Norðurlöndum sem eiga í fjárhagserfiðleikum vegna efnahagskreppunnar. Uppfylltu 292 námsmenn skilyrði til að fá styrkinn.**

**Þrír fengu styrk vegna framfærslu og ferða í iðnnámi en 289 fengu framfærslustyrki. Langflestir þeirra stunduðu nám í Danmörku eða 289. Var þeim veittur framfærslustyrkur í allt að þrjá mánuði. Gert er ráð fyrir að sama upphæð og var í ár verði í boði árið 2010.** - vsp

Foreldrasamtök í hart:

# Vilja rannsókn á áfengisauglýsingum RÚV

**FJÖLMIÐLAR Foreldrasamtök gegn áfengisauglýsingum hafa farið fram á opinbera rannsókn á því hvort Ríkiútvarpið hafi gerst sekt um brot á ákvæðum laga um bann við áfengisauglýsingum.**

**Að því er segir í tilkynningu frá samtökunum mátti heyra fjórar áfengisauglýsingar í tveimur auglýsingatímum í lok júlí, „meðal annars eina þar sem vodki var auglýstur, en sú áfengistegund verður sennilega seint talin til „léttöls“,“ segir í tilkynningunni. Ríkisútvarpið hefur neitað samtökunum um upptöku af auglýsingatímanum og vísað til höfundarréttarlaga.** - sh

Sex kíló af amfetamíni:

# Fíkniefnaákæra þingfest í dag

**DÓMSMÁL** Ákæra á hendur Gunnari Viðari Árnasyni fyrir innflutning á ríflega sex kílóum af amfetamíni til landsins verður þingfest í Héraðsdómi Reykjaness í dag.

Gunnari Viðari er gefið að sök að hafa flutt inn 6,15 kíló af amfetamíni frá Hollandi til Íslands, falin í málningardósum sem fluttar voru til landsins með hraðsendingarfyrirtækinu UPS.

Efnin fundust við leit tollgæslu og lögreglu 21. apríl í ár.

Tveir menn til viðbótar, Sigurður Ólason og Ársæll Snorrason, sátu um skeið í gæsluvarðhaldi vegna málsins en eru ekki ákærðir.

Aðrir þættir málsins sem snúa að þeim eru enn til skoðunar hjá Ríkissaksóknara. - sh

# Þjóðleikhúsráð sagt vanhæft til matsins

**Þrír umsækjendur af sjö sem metnir voru hæfir til að verða þjóðleikhússtjórar senda ráðherra andmæli sín. Tveir til viðbótar hugsa málið. Ráðið sagt vanhæft og umsögn þess ófullnægjandi. Ráðherra fer yfir andmælin og tjáir sig svo.**

**MENNING** Þrír umsækjendur um stöðu þjóðleikhússtjóra andmæla umsögn þjóðleikhúsráðs um hæfni umsækjenda. Tveir til viðbótar íhuga hvort þeir andmæli.

Alls sóttu níu um stöðuna. Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri og Þórhildur Þorleifsdóttir voru metnar mjög vel hæfar, aðrir hæfir.

Andmælendur segja ráðið ekki hafa metið hæfni umsækjenda né rökstutt umsögn sína.

Það sé vanhæft til að meta hæfni núverandi þjóðleikhússtjóra, því starf ráðsins sé svo samofið starfi hennar að með því að ganga fram hjá henni hefði ráðið fellt áfellisdóm um sjálft sig.

Ari Matthíasson leikari segir sín andmæli ganga út á að „hæfnismat þjóðleikhúsráðs sé algjörlega órökstutt og þar með ómálefnalegt“. Hann bendir á að ráðið hafi ekki boðað neinn umsækjanda í viðtal.

Hlín Agnarsdóttir leikstjóri segist í sínum andmælum gagnrýna að ráðið hafi ekki lagt neitt mat á menntun og reynslu umsækjenda:

„Ég vona að ráðuneytið nýti sér athugasemdirnar og að það fari fram eitthvert endurmat, sérstaklega í ljósi þess að þetta getur ekki verið hlutlægt mat hjá ráðinu. Ég fer líka fram á að fá atvinnuviðtal.“

Páll Baldvin Baldvinsson, fulltrúi ritstjóra á Fréttablaðinu og kvikmyndaráðgjafi, telur menntamálaráðherra, sem skipar í stöðuna, eiga þann kost einan að „taka allt ferlið til sín í Skuggahverfið“. Með vinnubrögðum sínum hafi ráðið sannað fyrrgreint vanhæfi.

Kolbrún Halldórsdóttir, fyrrum ráðherra, er ekki búin að ákveða hvernig hún bregst við. „Ég varð fyrir vonbrigðum með þessa umsögn og er mjög hugsi yfir henni,“ segir hún. „Þeir ákveða að einungis ein reynsla hafi vægi og það er að stýra stofnanaleikhúsi.“

Hilmar Jónsson, leikhússtjóri Hafnarfjarðarleikhússins, veltir því einnig fyrir sér hvort hann andmæli. Menntamálaráðherra sé í vanda staddur.

Ráðherrann, Katrín Jakobsdóttir, segist ekki tjá sig fyrr en að andmælafresti loknum. „Ráðið hefur ákveðið hlutverk og skilar sinni umsögn. Svo er það mitt mat hvað ég geri,“ segir hún.

Spurð hvort ráðið kunni að vera vanhæft, segir ráðherra að lögin geri ekki sérstaklega ráð fyrir því að einn umsækjenda sé sitjandi þjóðleikhússtjóri: „Þetta er í fyrsta skipti sem sitjandi stjóri sækir um og við bara skoðum það.“ Það ætti að gerast í næstu viku.

Sigurður Kaiser framkvæmdastjóri ætlar ekki að andmæla. Það orki tvímælis að ráðið meti hæfi sitjandi stjóra. Það geti varla talist hlutlaust. Hann treysti þó ráðherra til að ráða í stöðuna. Hún hafi frjálsar hendur, því allir voru metnir hæfir.

klemens@frettabladid.is

## UMSÆKJENDURNIR

**Hæf og andmæla:**
*Ari Matthíasson*, leikari og fyrrum framkvæmdastjóri
*Hlín Agnarsdóttir*, leikstjóri
*Páll Baldvin Baldvinsson*, fulltrúi ritstjóra og kvikmyndaráðgjafi

**Hæf og íhuga andmæli:**
*Hilmar Jónsson*, leikstjóri Hafnarfjarðarleikhússins
*Kolbrún Halldórsdóttir*, fyrrum leikstjóri og ráðherra

**Hæfur og andmælir ekki:**
*Sigurður Kaiser*, stofnandi Vesturports og framkvæmdastjóri

**- Mjög vel hæfar:**
*Tinna Gunnlaugsdóttir*, þjóðleikhússtjóri
*Þórhildur Þorleifsdóttir*, leikstjóri

Ekki náðist í einn hæfra umsækjenda: Magnús Ragnarsson, fyrrum sjónvarpsstjóra.





**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**



**HLÍN AGNARSDÓTTIR**



**PÁLL BALDVIN BALDVINSSON**



**ARI MATTHÍASSON**

Endanleg úrslit munu ekki liggja fyrir fyrr en um miðjan september:

# Karzai eykur forskot sitt

**AFGANISTAN, AP** Nýjustu tölur úr forsetakosningum í Afganistan gefa til kynna að Hamid Karzai, forseti landsins, hafi aukið forskot sitt. Samkvæmt þeim hefur Karzai hlotið 44,8 prósent atkvæða á meðan Abdullah, fyrrum utanríkisráðherra landsins, hefur hlotið 35,1 prósent. Tölurnar eru þó byggðar á 17 prósentum atkvæða víðs vegar um landið, og gætu því breyst mikið.

Endanlegra úrslita er ekki að vænta fyrr en um miðjan september, þar sem tugi alvarlegra kvartana vegna kosninganna þarf að rannsaka.

Miðað við nýju tölurnar hefur Karzai ekki sigrað endanlega í kosningunum. Sigurvegari þarf að fá helming atkvæða, en ef enginn fær svo mörg atkvæði þarf að kjósa aftur á milli tveggja efstu manna.

Abdullah hefur sakað Karzai um víðtækt kosningasvindl, en því hefur Karzai alfarið neitað. - þeb



**KOSNINGARNAR** Kosningarnar fóru fram í síðustu viku og bæði Karzai og Abdullah lýstu yfir sigri. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fiskikóngurinn
Humar
2000,-KR.KG
Glæný Laxaflök
1990,-KR.KG
NÝJAR GELLUR, SALTFISKUR OG AÐ SJÁLFSÖGÐU GLÆNÝ LÍNUÝSA
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

visir.is
„...ég sá það á vísi“


SÚPUKJÖT 1/2 FRAMPARTUR
659 kr/kg
998 kr/kg
TILBOÐ
34% afsláttur
Glæsileg helgartilboð!
30% afsláttur
KJÖTSEL
GRILL LAMBALÆRI, KRYDDAÐ
1.399 kr/kg
1.998 kr/kg
ÍSFUGL
BBQ KJÚKLINGALEGGIR
468 kr/kg
699 kr/kg
33% afsláttur
30% afsláttur
KJÖTSEL
GRILLPYLSUR
769 kr/kg
1.098 kr/kg
32% afsláttur
GOÐI
BITTU MIG ELSKAÐU MIG!
GOÐI
GRÍSALÆRVÖÐVI PIRI PIRI
1.291 kr/kg
1.898 kr/kg
PERUR Í ÖSKJU 1kg
129 kr/askjan
258 kr/askjan
50% afsláttur
GOÐI
VELDU MIG!
GOÐI
HUNANGS GRÍSAKÓTILETTUR, LÉTTREYKTAR
1.299 kr/kg
1.998 kr/kg
COOP TYGGJÓ 3 teg.
139 kr/pk.
WHITE SWEET MINT
WHITE FRUIT
GÓU
Hraun BITAR
GÓU HRAUN EÐA ÆÐIBITAR
179 kr/pk.
PEPSI 2l
138 kr/stk.
PEPSI
PEPSI
PLENTY ELDHÚSRÚLLA
197 kr/pk.
299 kr/pk.
Plenty
www.markhonnun.is
Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 27. - 30. ágúst eða meðan birgðir endast
Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is!
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær
nettó
Ódýrt fyrir heimilið!

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða Kennedy-bróðir lét lífið í vikunni?
2. Hvaða kvikmyndagerðarmaður ætlar að endurgera myndina Hringinn?
3. Hvaða ungi knattspyrnumaður skoraði mark í fyrsta leik sínum í efstu deild á miðvikudag?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Vændissali ákærður fyrir fíkniefnasmygl og að bíta lögregluþjón í bakið:

# Catalinu birt ákæra fyrir kókaínsmygl

**DÓMSMÁL** Catalina Mikue Ncogo, sem viðurkennt hefur að hafa gert út hóp vændiskvenna í Reykjavík, hefur verið ákærð fyrir að fá þrjá Belga, einn karlmann og tvær konur, til að flytja til Íslands samtals ríflega 420 grömm af kókaíni. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness í gær.

Annars vegar er um að ræða ferð belgísks manns sem kom til landsins í byrjun apríl með tæp 70 grömm af kókaíni innvortis. Hann strauk úr haldi lögreglu en náðist nokkrum klukkustundum síðar. Catalina hafði meðal annars bókað hótelherbergi fyrir manninn hér á landi.

Hins vegar er hún talin hafa fengið tvær belgískar konur til að flytja hingað ríflega 350 grömm af kókaíni innvortis. Þær hafa báðar hlotið dóm í málinu. Þá er Catalina einnig ákærð fyrir að hafa, í leitarklefa tollgæslunnar í Leifsstöð, bitið í bak lögreglumanns.

Catalina sat um tíma í gæsluvarðhaldi grunuð um mansal og að hafa ætlað að flytja til landsins tólf kíló af kókaíni ásamt kærasta sínum, sem handtekinn var með efnin á Schiphol-flugvelli í Amsterdam.

Hún hefur sagt frá því í viðtali að hafa haft á sínum snærum hérlendis tólf vændiskonur, sem hún hafi meðal annars gert út úr húsi við hlið lögreglustöðvarinnar á Hverfisgötu. **- sh**



**VÆNDISHÚSIÐ Á HVERFISGÖTU** Catalina, íslenskur ríkisborgari ættaður frá Miðbaugs-Gíneu, gerði nokkrar vændiskonur út úr þessu húsi. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Eygló spyr um bankana:

## Má ekki segja

**ALÞINGI** Vegna laga njóta viðskiptalegar upplýsingar um bankana verndar. Þar af leiðir að fjármálaráðherra telur sér ekki unnt að svara fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur Framsóknarflokki um verðtryggingar- og gjaldeyrisjöfnuð bankanna.



**EYGLÓ HARÐARDÓTTIR**

Eygló hefur áður spurt ráðherrann um málefni tengd bönkunum og fékk þá sömu svör. Í svarinu nú kemur fram að ársreikningar bankanna muni liggja fyrir í september og að í framhaldi þess megi reikna með að opinber upplýsingagjöf þeirra færist í eðlilegt horf. **- bþs**

Maður á fertugsaldri ákærður:

## Stakk táning í Bankastræti

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri hefur verið ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, en honum er gefið að sök að hafa í nóvember í fyrra stungið táning með hnífi í síðuna. Sá stungni hlaut þriggja sentimetra langan og tveggja sentimetra djúpan skurð. Maðurinn neitar sök og ber við neyðarvörn.

Þá er maðurinn jafnframt ákærður fyrir að hafa haft tíu e-töflur í fórum sínum í klefa á lögreglustöðinni við Hverfisgötu.

Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. **- sh**

# Össur ætlar ekki úr landi

**Össur hf. hefur óskað eftir því að vera skráð í Kauphöll Danmerkur. Fékk undanþágu frá gjaldeyrislögum til þess að erlendir aðilar gætu átt viðskipti með hlutabréf. Marel hefur einnig áhuga á skráningu erlendis.**

**VIÐSKIPTI** Stjórn Össurar hf. óskaði í gær eftir að hlutabréf félagsins yrðu skráð í Kauphöll Danmerkur. Gert er ráð fyrir að skráningin verði samþykkt í næstu viku. Í dönsku kauphöllinni eru 180 fyrirtæki og verður Össur 36. stærsta fyrirtækið þar.

„Það eru engin áform um að flytja starfsemina úr landi,“ segir Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar hf.. Eingöngu sé um eðlilegt skref að ræða sem hafi verið lengi í undirbúningi.



**JÓN SIGURÐSSON**

„Þetta er til þess að þjónusta betur þá erlendu aðila sem eiga í Össuri því með gjaldeyrishöftunum geta þeir ekki átt viðskipti með hlutabréfin,“ segir Jón. Um helmingur hlutabréfa Össurar er í eigu erlendra aðila og hefur Össur nú fengið undanþágu frá gjaldeyrislögum frá Seðlabankanum.

Ákveðnar takmarkanir eru þó á undanþágunni en þeir sem keyptu hlutabréf eftir 1. apríl mega ekki fara með hlutabréfin úr landi. Segir Jón að einungis hafi örfáir aðilar verslað með hlutabréf Össurar síðan þá og eigi því takmörkin við um fáa. Einnig er skilaskylda á þeim gjaldeyri sem fæst við sölu Íslendinga á hlutabréfum.

„Það er ljóst að þessi gjaldeyrishöft eru verulega íþyngjandi fyrir íslenskt atvinnulíf,“ segir Jón. Um 99,5 prósent af sölu Össurar fer fram erlendis. Allur hagnaðurinn kemur þó í gegnum Ísland, þar sem höfuðstöðvarnar eru hér.

Þróunardeild fyrirtækisins er einnig á Íslandi og fer veruleg framleiðsla á flóknari stoðtækjum fram hér á landi. Aðeins starfa um 250 af 1.600 starfsmönnum Össurar á Íslandi.

Össur mun áfram vera skráð í Kauphöll Íslands, eins og fyrirtækið hefur verið frá árinu 1999. Stækka á hlutafé Össurar við skráninguna um 5 til 7 prósent.

„Stækkun hlutafjárins er til þess að auka seljanleika bréfanna því það vill enginn eiga hlutabréf á Íslandi,“ segir Jón sem gerir ráð fyrir að erlendir aðilar verði duglegir að selja hlutabréf sín um leið og skráningin verður samþykkt.

Íslenska fyrirtækið Marel stefnir einnig á tvöfalda skráningu erlendis í Amsterdam eða Skandinavíu með það að markmiði að framkalla skilvirka verðmyndun hlutabréfa á ný.

vidir@frettabladid.is

### KAUPHÖLLIN FAGNAR TVÍSKRÁNINGU

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, segir tvískráningu ekki algenga meðal íslenskra fyrirtækja en reynslan sé góð. Til dæmis þegar Kaupþing var skráð í Svíþjóð og hér heima.

„Við fögnum þessu og teljum að þetta gæti jafnvel aukið viðskipti með hlutabréf Össurar,“ segir Þórður. Jákvæð áhrif hafa orðið hér heima á veltu fyrirtækja sem tvískrá og neikvæð áhrif tvískráningar Össurar verða líklega takmörkuð, að mati Þórðar.



**ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON**

Spurður hvort hann haldi að fleiri félög séu að hugsa slíkt hið sama segir hann að Marel hljóti að velta slíku fyrir sér þegar kemur í ljós hver reynsla Össurar verður. Önnur fyrirtæki en þessi tvö séu meira tengd innlenda markaðnum.

Fjórtán fyrirtæki eru nú skráð í Kauphöllina og fækkaði eftir hrun. „Við erum þeirrar trúar að það sé að skapast traust til að skrá fleiri fyrirtæki. Það kæmi á óvart ef það gerðist ekki innan tiltölulega skamms tíma að einhver fyrirtæki létu á það reyna hvort það væri skynsamleg leið til fjármögnunar að skrá sig í Kauphöllina,“ segir Þórður. Segir hann til dæmis tölvuleikjafyrirtækið CCP velkomið í Kauphöllina.



**KAUPHÖLLIN** Forstjóri Kauphallarinnar segir að neikvæð áhrif tvískráningar séu takmörkuð. Reynslan hingað til sé góð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


## Óska eftir að kaupa

**íslensk enskt lingapon tungumála námskeið.**

Sem er útgefið ár **1976, 1977 eða 1978** en ekki English Course.
En útgáfuárið er auðfundið fremst í bókum , námskeiðið sem mig vantar er alíslenskt og var á sínum tíma mikið auglýst, lærið ensku á 40 tímum, án efa eiga margir námskeiðið á vísum stað uppí hillu. Utan á aðalbók námskeiðisins stendur íslenskt – Enskt lingapon

**Vinsamlega hringið strax og þú lest auglýsinguna, ég slökkvi á gemsanum eftir að ég hef fengið námskeiðið. Ég borga 40,000.- fyrir námskeiðið. Ómar s. 865-7013**

FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

LÚÐUVEISLA

FLÖK OG SNEIÐAR AÐEINS 1.890 kr.

Tilboðið gildir í dag

opið mán-fös 10-18:15 og lau 11-14:00


Breytingar væntanlegar eftir þingkosningar í Japan:

# Búist við stórtapi hjá stjórnarflokknum

**JAPAN, AP** Taro Aso, forsætisráðherra Japans, gerir sér litlar vonir um að stjórn hans fái meirihluta á nýju þingi eftir kosningarnar á sunnudag.

Skoðanakannanir benda til þess að Lýðræðisflokkur Japans vinni yfirburðasigur og fái tvo þriðju hluta atkvæða. Það myndi duga flokknum til að fá 320 þingsæti af alls 480 í neðri deild þingsins, en sú deild fer samkvæmt stjórnarskrá með völdin í landinu.

Frjálslyndi flokkurinn, sem er flokkur forsætisráðherrans, hefur verið með 300 þingsæti en fær líklega ekki nema 100 á komandi þingi.

Annað eins afhroð hefur Frjálslyndi flokkurinn aldrei beðið í þingkosningum, en hann hefur stjórnað landinu nánast óslitið síðan 1955. Undantekning frá því er stutt tímabil á árunum 1993-94.

Yukio Hatoyama, leiðtogi Lýðræðisflokksins, verður væntanlega forsætisráðherra, verði úrslitin í samræmi við skoðanakannanir.



**TARO ASO** Forsætisráðherra Japans veifar til kjósenda úr bifreið sinni. NORDICPHOTOS/AFP

Lýðræðisflokkurinn er reyndar íhaldssamur flokkur, ekki síður en Frjálslyndi flokkurinn, enda upphaflega klofningsframboð úr Frjálslynda flokknum. Standi Lýðræðisflokkurinn við kosningaloforð sín er engu að síður að vænta verulegra breytinga á stefnu Japans í mörgum málum. **- gb**



**Í LEIFSSTÖÐ** Allir sem hafa verið blekktir eru af erlendu bergi brotnir og talið er að svikarinn sé útlendur.

Tólf blekktir í viðskiptum:

## Varað við flugmiðasvikurum

**LÖGREGLUMÁL Tólf manns af erlendu bergi brotnir hafa á síðustu dögum verið blekktir til að kaupa ónothæfa flugmiða í gegnum svikamyllu á vefnum. Lögreglan á Suðurnesjum varar við þessu.**

**Allt fólkið var stöðvað í Leifsstöð þegar í ljós kom að greitt hafði verið fyrir miða þeirra með stolnu greiðslukorti. Fólkið tengdist ekki innbyrðis, en hafði allt keypt miða sína á netinu af óþekktum millilið sem bauð miðana á mjög góðu verði. Því var síðan sagt að gefa upp bókunarnúmer við komuna í Leifsstöð, þar sem svik voru uppgötvuðust. - sh**


NÁGRANNAVARSLA EYKUR ÖRYGGI
Nágrannavarsla hefur sannað sig sem einföld og áhrifarík leið til að fækka innbrotum, þjófnuðum og skemmdarverkum. Sjóvá vill leggja sitt af mörkum til þess að auka öryggi og hefur í samstarfi við Forvarnahúsið útbúið handbók um nágrannavörslu sem er aðgengileg á sjova.is. Auk þess verða haldin námskeið um uppsetningu nágrannavörslu en frítt verður á þau fyrir viðskiptavini í Stofni.
VIÐ AÐSTOÐUM ÞIG VIÐ AÐ SETJA UPP NÁGRANNAVÖRSLU
Kynntu þér nágrannavörslu á sjova.is.
SJÓVÁ
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



**MÓTMÆLANDI REYKIR** Í Lundúnum hafa hundruð mótmælenda sett upp tjaldbúðir til að mótmæla loftslagsbreytingum. Þessi blómarós gat ekki stillt sig um að fá sér sígarettu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stúlku gert að sök að hafa logið upp á fjóra menn:

# Ákærð fyrir að ljúga til um nauðgun

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært átján ára stúlku fyrir að hafa logið upp á fjóra menn að þeir hefðu nauðgað henni. Mennirnir voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald á grundvelli ásakananna. Þung refsing getur legið við röngum sakargiftum af þessu tagi.

Það var 4. nóvember í fyrra sem stúlkan hafði samband við lögreglu og sagði að mennirnir fjórir hefðu nauðgað henni í húsi ofan við Sundahöfn í Reykjavík. Hún ítrekaði síðan framburðinn síðar, en breytti honum á þann veg að líklega hefði einn mannanna ekki haft við hana samræði.

Mennirnir voru handteknir í kjölfarið, yfirheyrðir, látnir gangast undir líkamsrannsókn og síðan úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Þeir gengust við því að hafa haft við hana samræði, en fullyrtu að það hefði verið með hennar vilja. Mennirnir sátu í varðhaldi í tvo daga.

Stúlkan hefur nú verið ákærð fyrir rangan framburð og rangar sakargiftir, en hámarksrefsing fyrir slíkt er tíu ára fangelsi. Einn mannanna krefst tæplega 1,2 milljóna króna í skaðabætur og annar krefst hálfrar milljónar.

Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. - sh



**SUNDAHÖFN** Stúlkan sagði mennina hafa nauðgað sér í húsi fyrir ofan Sundahöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Innritun í framhaldsskóla:

# Enn sæti laus á landsbyggðinni

**MENNTAMÁL** Innritun í framhaldsskóla fyrir haustönn 2009 er nú lokið. Öllum var boðin skólavist af þeim sem eru yngri en 18 ára, en lög kveða á um fræðsluskyldu til þess aldurs. Um 96 prósent nemenda úr 10. bekk sóttu um skólavist og eru flestir skólar á höfuðborgarsvæðinu fullir. Einhver sæti gætu þó verið laus á landsbyggðinni.

Vegna aðsóknar fengu margir nemendur ekki inni í þeim skóla sem þeir völdu. Nokkur hundruð nemendur yfir 18 ára hafa ekki fengið skólavist og munu önnur úrræði vera þeim til handa, að sögn menntamálaráðuneytis. - vsp

Sigmundur Ernir Rúnarsson:

# Baðst góðfúslega afsökunar

**ALÞINGI Sigmundur Ernir Rúnarsson, þingmaður Samfylkingarinnar, baðst í gær afsökunar á mistökum sem hann kvaðst hafa gert á þingfundi fyrir réttri viku.**



SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

**Sigmundur tók þátt í umræðum á nefndum fundi eftir að hafa drukkið vín með kvöldverði í hófi MP banka að loknu golfmóti bankans.**

**Í yfirlýsingu á miðvikudag sagðist Sigmundur ekki hafa kennt áhrifa af víninu.**

- bþs

## ALÞINGI

### Jón spyr um lögguna

Jón Gunnarsson Sjálfstæðisflokki hefur lagt fram fyrirspurn til dómsmálaráðherra um framvindu lögreglumála sem tengjast mótmælaaðgerðunum síðastliðinn vetur.

### Og um laun

Þá spyr Jón fjármálaráðherra hve mikið hefur verið greitt úr ríkissjóði vegna launaálags formanna stjórnarandstöðuflokka, hve margir hafi fengið slíkt launaálag og hve mikið hver og einn fékk.

# Landtaka hindrar viðræður

**Landtökustefna ísraelskra stjórnvalda er það sem hindrar helst að viðræður við Palestínumenn geti hafist á ný. Benjamín Netanjahú gerir sér vonir um að hitta Abbas á þingi Sameinuðu þjóðanna í september.**

**ÞÝSKALAND, AP** Forsætisráðherra Ísraels hefur í vikunni heimsótt bæði bresk og þýsk stjórnvöld ásamt því að hitta George Mitchell, erindreka Bandaríkjastjórnar gagnvart Mið-Austurlöndum.

Jafnt Mitchell sem Gordon Brown, forsætisráðherra Breta, og Angela Merkel Þýskalandskanslari hafa lagt hart að Netanjahú að gera allt sem í hans valdi stendur til að hægt verði að hefja á ný friðarviðræður við Palestínumenn. Til þess að svo megi verða þarf hins vegar að finnast lausn á deilum um landtöku Ísraela á hernumdu svæðunum, bæði á Vesturbakkanum og austurhluta Jerúsalem.

„Við verðum að ná framförum í friðarferlinu,“ sagði Merkel á sameiginlegum blaðamannafundi með Netanjahú í Berlín í gær, „og stöðvun landnámsins er mjög mikilvæg.“

Á þessum blaðamannafundi lögðu þau bæði jafnframt áherslu á að stjórnvöld í Íran stöðvi kjarnorkuáætlanir sínar, ella megi þau eiga von á harðari refsiaðgerðum.

Ísraelar hafa miklar áhyggjur af kjarnorkuáformum Írans. Orðrómur hefur verið um að Bandaríkjastjórn hafi lofað Netanjahú því að þrýsta harðar á Írana gegn því að Ísraelar stöðvi landtökuframkvæmdir. Netanjahú segir hins vegar ekkert hæft í þeim orðrómi.

Bandaríkjastjórn hefur gefið Írönum frest fram í miðjan september, en um það leyti hefst einnig Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í New York.

Daginn áður höfðu bæði Ísraelar og Palestínumenn gefið í skyn að hugsanlega myndu leiðtogar þeirra, þeir Netanjahú og Mahmoud Abbas, hittast á Allsherjarþinginu.

Netanjahú virðist gera sér vonir um að hefja viðræður við Abbas þar, en Palestínumenn hafa til þessa sagt að viðræður geti ekki hafist fyrr en Ísraelar verði við kröfu Bandaríkjastjórnar um að stöðva allar nýframkvæmdir í landtökubyggðum.

Heimsókn Netanjahús til Þýskalands varð einnig tilefni til að minna á helför gyðinga á tímum nasista. Honum voru meðal annars færð frumeintök af teikningum nasista að útrýmingarbúðunum í Auschwitz, sem fundust í Berlín á síðasta ári. Þessar teikningar verða til sýnis í Helfararsafninu Yad Vashim í Jerúsalem.

„Þeir eru til sem neita því að helförin hafi átt sér stað,“ sagði Netanjahú við þetta tækifæri. „Þeir ættu að koma til Jerúsalem og skoða þessar teikningar, þessi plön um verksmiðju dauðans.“

„Eftir að ég útskrifaðist úr Versló fór ég í eitt ár í listfræði í Háskólanum því mér fannst ég ekki vera tilbúin að fara út strax. Eftir það ákvað ég að fara út í London College of Fashion og þar er ég á braut sem heitir Fashion Photography og sérhæfir sig í tískuljósmyndun,“ útskýrir Saga sem er nú stödd hér á landi í fríi.

Meðfram námi vinnur Saga í fatabúðinni Vintage Heaven á Brick Lane. „Ég var alltaf að vinna í Spúútnik og Rokki og rósum hérna heima svo það var frekar auðvelt að fá vinnu úti þar sem ég var með smá reynslu,“ segir hún og játar að vera forfallinn „vintage“-fata-safnari, „Í búðinni fæst til dæmis „vintage“ Dior, Pucci og Diane Von Furstenberg. Kallinn sem á búðina safnar líka gömlum antík-höttum svo þetta er algjör „vintage“-paradís,“ segir hún brosandi.

Saga er með Ella Egilssyni, teiknara og söngvara í hljómsveitinni Steed Lord, en þau kynntust fyrir þremur árum þegar Elli var að vinna í Nakta apanum og Saga í Rokki og rósum. Meðlimir Steed Lord fluttu nýverið til Los Angeles þar sem hljómsveitin mun ferðast um Bandaríkin á komandi mánuðum, en Saga segir það ekki setja strik í reikninginn. „Elli ætlar að búa í London, en vera með annan fótinn í LA og verður þar næsta mánuðinn. Hann er alltaf að fljúga og taka DJ-gigg víða í Evrópu svo ég er orðin vön því að við séum ekki alltaf saman. Maður venst bara þessum lífsstíl,“ segir hún.

## MYNDAR FYRIR TÍSKUBLÖÐ

Þótt Saga hafi ekki lokið námi hefur hún nú þegar myndað fyrir heimsþekkt tískublöð á borð við Glamour og Elle. Spurð hvernig það hafi komið til segir hún margt spila þar inn í. „Ég er búin að kynnast æðislegu fólki sem er með puttana í bransanum og hefur hjálpað mér mikið. Kannski hafa einhverjir bent á mig frá öðrum blöðum sem ég hef unnið fyrir, en ég hef líka fengið verkefni í gegnum bloggið mitt,“ segir Saga sem heldur úti bloggsíðunni saganendalausa.blogspot.com.

„Ég hef reyndar líka fengið verkefni út á það að klæða mig öðruvísi. Eitt sinn lenti ég í því að það var stelpa sem stoppaði mig úti á götu og spurði mig út í fötin sem ég var í, en þá kom í ljós að hún var með tískublað sem ég tók svo myndir fyrir,“ segir hún og brosir.

Saga tekur myndir á filmu og framkallar sjálf, en spurð um sinn persónulega stíl segir hún hann enn vera að þróast. „Mér finnst ég enn þá svo ung og vera að mótast, en það má kannski segja að minn stíll sé stílíð ævintýralegur. Ég fæ innblástur frá list almennt og finnst frábært að fara á listasýningar, sitja á kaffihúsum og grúska í listaverkabókum. Ég vafra líka um á netinu og fer örugglega fjórum til fimm sinnum í viku að tékka hvort það séu komin út ný tískublöð. Ég er algjörlega heltekin af ljósmyndun-

## ✻ bak við tjöldin



**Stjörnumerki:**
Vog.

**Uppáhaldsmatur:**
Indverskur.

**Uppáhaldsdrykkur:**
Kaffi.

**Uppáhaldsverslun:**
Á Íslandi er það Kronkron, Einvera, Fabelhaft, Rokk og rósir, Spúútnik og Aftur.

**Diskurinn í spilaranum:**
Mjög misjafnt hvað ég hlusta á frá degi til dags, í dag hlustaði ég á Kings of Leon, Santogold, Fever Ray og The Gossip.

**Bókin á náttborðinu:**
Hús andanna og Love Magazine.

**Mesta dekrið:**
Kaupa nýja skó!

**Draumafríið:**
Einhvers staðar þar sem er gott veður, falleg náttúra með fólkinu sem ég elska.



**Líkamsræktin:**
Of sein, hlaupandi á háum hælum í lestina á morgnana.

**Hverju myndirðu sleppa til að spara?**
Ljósmyndabókum og tímaritum.

**Áhrifavaldurinn:**
Fjölskylda mín.





# NDUN

inni og hverja einustu mínútu er eitthvað í gangi í hausnum á mér,“ segir Saga sem hefur verið önnum kafin undanfarna mánuði.

„Ég búin að vinna rosalega mikið í vetur og taka myndir endalaust. Það verður gaman að sjá allt koma út sem ég er búin að vera að gera, en þar á meðal eru myndaþættir í tískublöðum í Noregi, Frakklandi, Þýskalandi og tvær auglýsingaherferðir fyrir Adolfo Dominguez, en þau eru með 200 búðir úti um allan heim svo það er mjög stórt verkefni. Ég tók líka myndir fyrir Dazed Digital og gerði einn myndaþátt fyrir Dazed and Confused sem ég er rosalega spennt að sjá. Að mynda fyrir Dazed and Confused er nokkuð sem ég ætlaði alltaf að gera og var búin að setja niður plan um að gera það innan tveggja ára, en þau höfðu bara samband að fyrra bragði svo ég var náttúrulega ótrúlega ánægð með það.“

## EKKI Á HEIMLEIÐ

Aðspurð segist Saga kunna vel við sig í London. „Mér finnst London æðisleg borg. Það er svo mikið af ungu fólki þar og stemningin skemmtileg. Það er líka auðvelt að fá tækifæri ef maður er duglegur og fólk er almennt opið fyrir nýjum hugmyndum,“ segir hún, en viðurkennir að bæði námið og húsaleigan séu rándýr. „Þetta var erfiður vetur eins og hjá öllum, en ég fékk mikinn stuðning frá fjölskyldu minni, var dugleg að vinna og það reddaði mér alveg að fá nokkur „freelance“-verkefni. Mér finnst það besta sem fólk getur gert núna vera að fara í nám. Það er svo góð fjárfesting fyrir lífið. Ég myndi ekki vilja vera að vinna hér á Íslandi og fá greitt í íslenskum krónum. Frekar vil ég berjast úti og vera áfram þar. Það eru forréttindi að geta verið í námi og mér finnst það ótrúlega gaman svo ég mun aldrei gefast upp,“ útskýrir Saga og segist ekki búast við að flytja heim að námi loknu. „Ég sakna þess stundum að vera heima, en ég held að það sé ekki mikið að gera í ljósmyndun hérna. Ég sé fyrir mér að búa í London í minnst fimm ár og fara svo eitthvað annað. Mig langar líka einhvern tíma að búa í New York og kannski París. Þó ég flytji ekki til Íslands á næstunni þá finnst mér alltaf jafn gott að koma heim. Þegar ég kem reyni ég að taka sem mest af myndum enda eru það myndirnar sem fá mesta athygli úti og ég á vonandi eftir að geta gert sem flest verkefni hérna heima.“




# Bólurnar á bak og burt

**Frá Clinique er kominn leirmaski sem inniheldur efni sem draga úr bólumyndun og útbreiðslu þeirra. Maskinn er fitumettandi og slípar dauðar húðfrumur svo húðholur stíflast ekki og húðin verður ferskari og hreinni. Clinique hefur einnig sett á markað nýjan hyljara sem meðhöndlar bólur ásamt því að hylja þær. Anti-Blemish Clearing-hyljarinn dregur úr fitumyndun, roða, ertingu og kemur í veg fyrir að húðin stíflist. Hyljarinn gefur náttúrulega áferð og hann má nota með öllum olíulausum farða. Hann fæst í mismunandi litatónum ásamt grænum lit sem dregur úr roða.**






Auglýsingasími

512 50 50

– Mest lesið








| Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur |
|---|---|---|---|---|---|
| 06:30-07:20 Brjáluð brennsla-Svava | 6:20-07:10 Spinning-Lára | 06:30-07:20 Brjáluð brennsla-Svava | 6:20-07:10 Spinning-Lára | 06:30-07:20 Brjáluð brennsla-Svava | 9:15-10:15 MRL-Callie |
| 06:45-07:30 Gravity (lok.)-Ása | 07:15-08:00 Gravity (lok.)-Lára | 06:45-07:30 Gravity (lok.)-Ása | 07:15-08:00 Gravity (lok.)-Lára | 06:45-07:30 Gravity (lok.)-Ása | 10:20-11:20 Kviðbani-Callie |
| 07:30-08:30 Kundalinijóga-Estrid | 09:00-10:00 Kvennasm. (lok.) -Heiðrún | 07:30-08:30 Kundalinijóga-Estrid | 09:15-10:15 Tækjakennsla-Heiðrún | 07:30-08:30 Kundalinijóga-Estrid | 10:25-11:25 BodyCombat-Nanna/Sæunn |
| 09:15-10:00 Gravity (lok.)-Patricia | 09:15-10:15 Móðir og barn-Helga | 09:15-10:00 Gravity (lok.)-Patricia | 09:15-10:15 Móðir og barn-Helga | 09:15-10:00 Gravity (lok.)-Patricia | 10:30-11:15 Gravity (lok.)-Kojak |
| 10:15-11:15 Leikfimi-Olga | 12:00-12:45 Gravity (lok.)-Patricia | 10:15-11:15 Leikfimi-Olga | 12:00-12:45 Gravity (lok.)-Patricia | 10:15-11:15 Leikfimi-Olga | 11:30-12:30 Magadans framh.-Sigga |
| 12:05-12:55 BodyStep-Svava | 12:05-12:55 Hádegispúl-Callie | 12:05-12:55 BodyStep-Svava | 12:05-12:55 Hádegispúl-Callie | 12:05-12:55 BodyStep-Ása | **Sunnudagur** |
| 12:10-12:55 Gravity (lok.)-Kojak | 13:30-14:30 Leikfimi-Nana | 12:10-12:55 Gravity (lok.)-Kojak | 13:30-14:30 Leikfimi-Nana | 12:10-12:55 Gravity (lok.)-Kojak | 10:15-11:15 BodyPump-Hildur/Patricia |
| 16:20-17:15 Leikfimi-Olga | 16:15-17:15 MRL-Callie | 13:30-14:30 Pilatesleikfimi-Beta | 16:15-17:15 MRL-Callie | 16:20-17:15 Leikfimi-Olga | 11:20-12:20 Salsa-Þórunn |
| 16:30-17:15 Gravity (lok.)-Patricia | 17:15-18:00 Gravity (lok.)-Kojak | 16:20-17:15 Leikfimi-Olga | 17:15-18:00 Gravity (lok.)-Kojak | 16:30-17:15 Gravity (lok.)-Patricia | 12:30-13:30 BodyStep-Svava/Ása |
| 17:00-18:00 Tækjakennsla-Heiðrún | 17:20-18:20 Púltími-Callie | 16:30-17:15 Gravity (lok.)-Patricia | 17:20-18:20 Púltími-Callie | 17:20-18.20 BodyPump-Jón Þór | |
| 17:15-18:15 Latin fitness-Þórunn | 17:20-18:20 BodyCombat-Sæunn | 17:20-18:20 BodyPump-Patricia | 17:20-18:20 BodyCombat-Sæunn | 18:30-19.30 BodyCombat- Nanna/Sæunn | |
| 17:20-18:20 BodyPump-Patricia | 17:35-18:20 RPM-Jón Þór | 17:15-18:15 BodyJam-Sæunn | 17:35-18:20 RPM-Jón Þór | | |
| 18:25-19:25 Stöðvaþjálfun-Kojak | 18:25-19:25 Magadans-SiggaNanna | 18:25-19:25 Stöðvaþjálfun-Kojak | 18:25-19:25 Magadans-SiggaNanna | | |
| 18:30-19:30 BodyAttack-Ása | 18:35-19:20 Gravity (lok.) Callie | 18:30-19:30 BodyAttack-Ása | 18:35-19:20 Gravity (lok.) Callie | | |
| 18:35-19: 20 RPM-Guðrún | 18:25-19:25 Tæ box-Kojak | 18:35-19: 20 RPM-Guðrún | 18:25-19:25 Tæ box-Kojak | | |
| 19:30-20:15 Gravity (lok.)-Kojak | 19:30-20:30 BodyPump-JónÞór | 19:30-20:15 Gravity (lok.)-Kojak | 19:30-20:30 BodyPump-JónÞór | | |
| 19:40-20:40 Afró-Sigrún og co. | 19:30-20:30 Jóga-Steinunn Anna | 19:40-20:40 Afró-Sigrún og co. | 19:30-20:30 Jóga-Steinunn Anna | | |

*Birt með fyrirvara um breytingar og prentvillur*


Ný og glæsileg stundaskrá hefst 7. sept. nk

BAÐHÚSIÐ

www.badhusid.is

# tíðin

✻ hár og fegurð



**AUGNSKUGGAR OG KINNALITUR Í EINU VESKI** Clinique hefur nú sett á markað flotta haustlínu í glæsilegu silfurlituðu veski. Í veskinu eru þrír augnskuggar og kinnalitur ásamt burstum, en hægt er að velja þrjár mismunandi litasamsetningar. Þessi nýjung fæst aðeins í takmarkaðan tíma svo það er um að gera að tryggja sér eintak sem fyrst.



**Svöl** Rihanna hefur vakið mikla athygli síðustu mánuði fyrir síbreytilegt stutt hár.

Ásgeir Hjartarson hárgreiðslumeistari segir frá hártískunni í haust:

## Bob- og Pixie-klippingar áfram í tísku í vetur

Hártískan fram undan er mjög skemmtileg. Það eru nokkrar klippingar sem hafa slegið í gegn á árinu 2008 og nokkrar af þeim eru enn þá inni á komandi vetri, en kannski með smá „tvisti“, segir Ásgeir Hjartarson, hárgreiðslumeistari og eigandi Dark-Supernova, um hártískuna framundan.

„Bob“-klippingin verður áfram inni, en hún er ein af þeim klippingum sem hafa slegið hvað mest í gegn á árunum 2007-2008. Aðeins eitt nafn kemur til greina þegar hún er annars vegar og er það að sjálfsögðu drottningin sjálf, Victoria Beckham. En þar sem þessi klipping hefur tröllriðið öllu, gerir það að verkum að hún er ekki eins „unique“ og hún var og ættu þær sem eru enn þá með hana að reyna að „messa“ hana aðeins upp og jafnvel nota sléttujárnið til að ná fram mjúkum liðum,“ útskýrir Ásgeir. „Önnur klipping sem heldur velli er svokölluð „Pixie“-klipping. Þær sem hafa skartað henni eru meðal annars Agyness Deyn, Victoria Beckham, Sharon Stone og Katie Holmes. Allar konur sem hafa sjálfstraust í svona klippingu ættu að drífa í að láta klippa sig, en þær sem eru með frekar breitt andlit ættu ekki að fara í hana,“ segir hann. „Sítt hár er eining mjög áberandi, en það verður að vera vel klippt og styttunar í hárinu þurfa að vera vel staðsettar svo að þú fáir þetta „sexy“ flæðandi hár sem flestar konur vilja. Það er samt sama hvernig tískan er, það er alltaf lykilatriði að klippa eftir hárgerð og lífsstíl hvers og eins.“ *-ag*



**Síðhærð** Sienna Miller er þekkt fyrir síða ljósa hárið sitt sem hún skiptir gjarnan í miðju.



**Flott** Sharon Stone hefur leikið sér með stutt hár sitt upp á síðkastið og ber það vel.









## GLASGOW

### Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir söngkona

**MORGUNMATURINN:** Ég mæli með beyglu og frábæru kaffi á Tinderbox, á Ingram Street.

**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:** Það eru mjög rómantískir veitingastaðir á Italian Square við Ingram Street. Uppáhaldið mitt er samt Ashoka á Ashton Lane í West End, alveg frábær indverskur staður.

**UPPÁHALDSVERSLUN:** Glasgow er snilldar verslunarborg með allar helstu verslanirnar, þó að pundið sé alveg svimandi hátt þá getur verið töluvert ódýrara að versla þar en hér heima. Uppáhaldsfataverslanirnar mínar eru New Look og Primark. New Look er með mikið úrval af fatnaði og skóm. Primark er náttúrlega alveg sérstakt fyrirbæri og ég hef verslað óheyrilega mikið þar. Maður þarf hins vegar að setja upp röntgengleraugun til að vinsa út gersemarnar og eiga nægan tíma þar inni. Ef farið er í verslunarferð þá eru Sauciehall, Buchanan Street og Argyle Street aðalverslunargöturnar. Dýrari verslanir má finna á Ingram Street.



**BEST AÐ EYÐA DEGINUM:** Fyrir þá sem eru í verslunarferð í Glasgow þá mæli ég með að byrja daginn á að versla í helstu verslunargötunum sem eru nefndar hér að ofan. Í hádeginu er yndislegt að fara á Willow Tea Room á Buchanan Street og fá sér breskt te sem samanstendur af skonsum, eggja- og gúrkusamlokum og fleiru sætu á þriggja hæða diski, frábær stemning. Stundum er gott að komast í annað umhverfi og þá finnst okkur vinkonunum yndislegt að hverfa í West End og rölta þar um, þar má finna second handbúðir og lítil kaffihús, þá er tilvalið að fara í bakaleiðinni í Kelvingrove Museum þar sem nóta bene er frír aðgangur. Til að toppa góðan dag væri indverskur matur á Ashoka á Aston Lane tilvalinn og svo djamm á skemmtistöðunum þar í kring.

# Mikilvægasta máltíð dagsins

ÍSLENSKA/SIA.IS/NAT 40470 12/07



# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Vigdís Þormóðsdóttir, verkefnastjóri hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands**



1

Hefja daginn á því að borða Cheerios, drekka Pepsi Max, prjóna sokk og horfa aðeins á sjónvarpið, til dæmis á Simpsons. Þetta er skotheld blanda sem kemur manni í gott stuð fyrir daginn.

2



Eyða því næst drjúgum tíma í að leika við kettlingana mína. Þeir eru næstum því of sætir.



3

Fá mér hádegismat á Hamborgarabúllunni. Ostborgara og franskar. Við Búllan deilum afmælisdegi!

4



Kafa í sjónum með góðum vinum. Hitta fiska, krabba og þara. Velta fyrir mér sorpinu á hafsbotni.



5

Fá mér kvöldmat á Vitabar. Þá að sjálfsögðu hinn æðislega Gleym-mérei-borgara. Að því loknu væri gaman að fara í bíó með einhverjum skemmtilegum. Eða á Bakkus. Eða í bíó og svo á Bakkus. Það er allt hægt!




www.fristundir.is
Frístundir Ísland fyrir alla

Kíktu á vefsíðu okkar!

*Fyrir upplýsingar um Haust 2009 námskeið.*

IS. Leitið að **bláa hnappnum** til að hjálpa ykkur.
ENG. Look for **the Blue Button** to help you.
POL. Szukajcie Państwo **Niebieskiego Znaczka** by uzyskać pomoc.



# GAR

## ANDI HEIT MÓDEL • ÓTRÚLEG TILBOÐ

NÝ LENT



SENDUM FRÍTT ALLAR FARTÖLVUR

Sendum fartölvuna strax hvert á land sem er. Kemur næsta virka dag ef pantað er fyrir 12:00

5700

## 5517

### FARTÖLVA Á TILBOÐI

Ný og glæsileg 15.6" fartölva frá Acer með 16:9 Cinema skjá fyrir hærri upplausn og betri mynd á ótrúlegu verði.

- AMD Athlon64 TF-20 1.6GHz
- 3GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD CineCrystal 1366x768 skjár
- 512MB ATI Radeon X1200 skjást.
- 54Mbps þráðlaust net
- 0.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

acer

**99.900**

VAXTALAUST 8.325 Í 12 MÁNUÐI

15 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

S5961



TOSHIBA

## TOSHIBA L305

- Intel Dual Core T4200 2.0GHz
- 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA TruBrite 1280x800
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 54Mbps þráðlaust net
- 5-in-1 innbyggður kortalesari
- Windows VISTA Home Premium

**99.900**

VAXTALAUST 8.325 Í 12 MÁNUÐI

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

AÐEINS 10 STK

623U



lenovo

## LENOVO G530

- Intel Dual Core T3400 2.16GHz
- 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA VibrantView 1280x800
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 54Mbps þráðlaust net
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Basic

**89.900**

VAXTALAUST 7.492 Í 12 MÁNUÐI

AÐEINS ÞESSA HELGI



MEÐ NÝJUSTU RAFHLÖÐUTÆKNI 8 TÍMAR RAFHLAÐA ENDIST Í 8 TÍMA

Fáanleg í hvítu, svörtu, bleiku og bláu

ASUS

1005VHA

## EEEPC

### FARTÖLVA Á TILBOÐI

Byltingarkennd ný hönnun frá Asus sem hefur fengið viðurnefnið skelin, þynnri og léttari en sambærilegar vélar

- Intel Atom N270 1.6GHz örgjörvi
- 1GB DDR2 533MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 10" WSVGA 1024x600 skjár
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Fislétt og örþunn aðeins 1,27kg
- Microsoft Works, ritvinnsla ofl.
- Windows XP Home og fjöldi forrita

**74.900**

VAXTALAUST 6.242 Í 12 MÁNUÐI

AÐEINS 1 STK



SÝNINGAR EINTAK

11T

## A300D

- AMD Dual Core X2 TK57 1.9GHz
- 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA BrightView 1280x800
- 512MB ATI Radeon X1250 skjást.
- 54Mbps þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

TOSHIBA

**79.900**

VAXTALAUST 6.658 Í 12 MÁNUÐI

AÐEINS 3 STK



ASUS

1002HA

## EEE PC

- Intel Atom N270 1.6GHz örgjörvi
- 1GB DDR2 533MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 10" LED WSVGA 1024x600 skjár
- 300Mbps þráðlaust net, BlueTooth
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Microsoft Works, ritvinnsla ofl.
- Windows XP Home og fjöldi forrita
- Aðeins 1.2KG og 5 tíma rafhlaða

**69.900**

VAXTALAUST 5.825 Í 12 MÁNUÐI

50 ÞÚSUND AFSLÁTTUR



SÝNINGAR EINTAK

ASUS

2300

## Z96JP

- Intel Dual Core T2300 1.66GHz
- 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WSXGA CrystalShine 1680x1050
- 256MB ATI Radeon X1600 skjákort
- 54Mbps þráðlaust net
- 5-in-1 innbyggður kortalesari
- Windows XP Media Center

**79.900**

VAXTALAUST 6.658 Í 12 MÁNUÐI

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

4BLS BÆKLINGUR

Vaxtalaus tilboð eru jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3% lántökugjaldi ásamt greiðslugjaldi sem bætist við upphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann. Birt með fyrirvara um breytingar og villur.

20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

Sendum fartölvuna strax hvert á land sem er
SENDUM FRÍTT
ALLAR FARTÖLVUR
Kemur næsta virka dag ef pantað er fyrir 12:00

packard bell

CU850

# LJ65

## ÖFLUG LEIKJAFARTÖLVA

Ein magnaðasta leikja fartölvan í dag með 17.3" HD+ LED skjá, öflugu 512MB ATI HD4570 skjákorti og alla nýjustu tækni

- Intel Dual Core T4200 2.0GHz
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB diskur (pláss fyrir auka disk)
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17.3" HD+ LED DiamondView 1600x900
- 512MB ATI Radeon HD4570 skjákort
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

**139.900**

VAXTALAUST 11.658 Í 12 MÁNUÐI

15 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

AU840

packard bell

# LJ65

- Intel Dual Core T4200 2.0GHz
- 3GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 250GB diskur (pláss fyrir auka disk)
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17.3" HD+ LED DiamondView 1600x900
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Basic

**119.900**

VAXTALAUST 9.992 Í 12 MÁNUÐI

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

CU860

packard bell

# TJ65

- Intel Dual Core T4200 2.0GHz
- 4GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB GeForce G105M skjákort
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Basic

**134.900**

VAXTALAUST 11.242 Í 12 MÁNUÐI

MEST SELDA VÉLIN

packard bell

AU004

# TJ65

## FARTÖLVA Á TILBOÐI

Nýjasta kynslóð fartölva frá Packard Bell með 15.6" HD LED skjá ásamt 300Mbps þráðlausu neti og hlaðin tækninýjungum

- Intel Dual Core T4200 2.0GHz
- 4GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 500GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

**129.900**

VAXTALAUST 10.825 Í 12 MÁNUÐI

20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

AÐEINS 10 STK

NC15

# DOT

- Intel Atom N270 1.6GHz örgjörvi
- 1GB DDR2 533MHz vinnsluminni
- 120GB SATA 5400RPM diskur
- 9" LED DiamondView 1024x600
- 54Mbps þráðlaust net
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- 5-in-1 innbyggður kortalesari
- Windows XP Home og fjöldi forrita
- Ótrúlega nett og fislétt aðeins 1KG

packard bell

**49.900**

VAXTALAUST 4.458 Í 12 MÁNUÐI

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

AU003

# TJ66

- Intel Dual Core T4200 2.0GHz
- 3GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

packard bell

**119.900**

VAXTALAUST 9.992 Í 12 MÁNUÐI

25 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

AÐEINS 8 STK

CU014

# LJ65

- Intel Dual Core T4200 2.0GHz
- 3GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB diskur (pláss fyrir auka disk)
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17.3" HD+ LED DiamondView 1600x900
- 512MB ATI Radeon HD4570 skjákort
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

packard bell

**129.900**

VAXTALAUST 10.825 Í 12 MÁNUÐI

**OPIÐ ALLA HELGINA**

Opið í dag
10:00 - 19:00
Laugardag
11:00 - 17:00
Sunnudag
13:00 - 17:00

# TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA



**SKÓLAVÖRUR** Sumir eiga vel með farna hluti sem þeir mega missa.

# Hægt að gera góð kaup í Laugardal

Árviss útimarkaður verður haldinn í Laugardal á morgun.

Útimarkaðurinn er orðinn árviss síðsumarviðburður í hverfunum sem umlykja Laugardal og er nú haldinn í sjöunda sinn. Að markaðnum standa íbúar í Laugardalshverfunum. Á hverju ári er honum fundinn nýr staður á einhverju áhugaverðu opnu svæði innan Laugardalshverfanna þriggja en í þetta sinn verður hann haldinn fyrir neðan brekkuna í Ljósheimum.

Markaðurinn stendur frá klukkan 11 til 15 og mun þar kenna ýmissa grasa á söluborðum íbúa. Þar má nefna kompudót, föt, húsgögn, handverk, sultur og nýsprottið grænmeti. Hresst hæfileikafólk úr hverfunum í kring ætlar að troða upp og skemmta með leik og söng.

Allir eru velkomnir hvort sem þeir vilja selja, kaupa, stíga á stokk eða bara njóta stemningarinnar. Í anda vistverndar eru allir hvattir til þess að sækja markaðinn gangandi, hjólandi eða með strætó.



**Í FYRRA** Íbúar hafa tekið útimarkaðnum fagnandi og í fyrra sóttu hann vel á annað þúsund manns. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Safna skólavarningi

Söfnun ritfanga og stílabóka hófst í gær í Kringlunni og heldur áfram í dag. Tilgangurinn er að styrkja grunnskólabörn sem á þurfa að halda vegna fjárhagserfiðleika foreldra. Skólastoðin stendur að söfnuninni en það er framtak nokkurra einstaklinga sem láta sig hag skólabarna varða. Þeir verða fyrir framan verslunina Kúltúr á 2. hæð Kringlunnar milli klukkan 13 og 19 í dag.

Óskað er eftir pennum, blýöntum, trélitum, stílabókum, gráðubogum, skærum, dósayddurum, reglustikum, plastvösum og öðru því sem gagnast gæti skólabörnum. Þeim sem vilja leggja átakinu lið með fjárframlögum er bent á bankareikning átaksins nr. 512-14-400999, kt. er 070183-3909. Í kjölfarið verða settir saman ritfangapakkar sem verður úthlutað í samstarfi við Fjölskylduhjálp Íslands eftir helgina.

Auk þess að safna ritföngum mun Skólastoðin taka við notuðum námsbókum fyrir framhaldsskólanema sem verður einnig dreift í samstarfi við Fjölskylduhjálpina. „Við höfum fengið mjög jákvæðar undirtektir og nokkur fyrirtæki hafa þegar lagt fram gjafir,“ sagði Alma Tryggvadóttir, einn af forsprökkum Skólastoðar. - gun



**AKUREYRI** Málþing verður haldið í Amtbókasafninu á laugardag.

# Trúmaður á tímamótum

Í tilefni þess að 140 ár eru liðin frá fæðingu Haraldar Níelssonar og öld frá útkomu biblíuþýðingar hans, verður efnt til sýningar og málþings um Harald og konu hans, Aðalbjörgu Sigurðardóttur, í Amtbókasafninu á Akureyri laugardaginn 29. ágúst 2009.

Sýningin, sem kallast Trúmaður á tímamótum, verður opnuð klukkan 14 og málþingið hefst klukkan 14.15. Stjórnandi málþingsins verður Þórunn Rafnar. Erindi flytja Jónas H. Haralz, Pétur Pétursson prófessor og Heiða Björk Vilhjálmsdóttir. Umræður verða svo í lokin og málþinginu lýkur klukkan 17. Kaffiveitingar verða í boði.

Sýningin um þessi heiðurshjón verður síðan opin á afgreiðslutíma Amtbókasafnsins út september.




ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

ER OLIVER! Í ÞINNI FJÖLSKYLDU?



Leitin að OLIVER! hefst á Opnu húsi á laugardaginn

Það verður mikið fjör þegar við galopnum Þjóðleikhúsið á laugardaginn kl. 13–16.

Þá byrjar líka leitin að rúmlega 20 strákum á aldrinum 8–13 ára til að fara með hlutverk í söngleiknum OLIVER! Skráningin í áheyrnarprufurnar fer fram á Opna húsinu.

SÝNINGAR Á NÆSTUNNI!



KARDEMOMMUBÆRINN Sunnudaginn 30. ágúst.
UTAN GÁTTA Föstudaginn 4. september, til styrktar Grensásdeild.
FRIDA ... viva la vida Frumsýning föstudaginn 11. september.

Fjögurra sýninga leikhúskort kostar aðeins 9.900 kr.

FÁÐU ÞÉR KORT!
Hringdu í síma 551 1200 eða smelltu þér á leikhusid.is



NOKKUR ORÐ
Freyr Gígja Gunnarsson



# Bakaradrengurinn og smiðurinn

Einhverjir supu hveljur þegar Hannes Hólmsteinn Gissurarson mætti í morgunútvarp Rásar 2 og viðurkenndi fyrir alþjóð að hann ætti sök á bankahruninu rétt eins og flestir landar hans. Nema auðvitað Davíð Oddsson. Til sama ráðs greip Kjartan Gunnarsson einhverju sinni þegar hann sagði að hann hefði átt að hlusta á Davíð. Auðvitað hlaut Hannes bágt fyrir þessi orð sín enda ekki í neinum takti við raunveruleikann. Hannes hefur oft verið kallaður hugmyndasmiður hrunsins. Hann hafi ásamt skrímsladeild Sjálfstæðisflokksins teiknað upp efnahagslandslagið, hverjir ættu að eiga bankana og hverjir ekki.

Allt gott og blessað. Hugmyndafræði Hannesar varð gjaldþrota í einni svipan þegar Davíð tók Glitni yfir. Í kjölfarið hrökkluðust hinir innvígðu og innmúruðu frá völdum með bálköstum og búsáhöldum. En Hannes á þó að fá að mótmæla, sá réttur er heilagur hverjum manni eins og aðgerðasinnar hafa margoft talað um á vefsíðum sínum.

Mér fannst ómaklegt af blogg-mótmælendum að hrekja Hannes á braut, reka hann inn í Alþingishúsið með bakpoka og öðrum lauslegum munum. Því þegar öllu er á botninn hvolft er Hannes bara háskólakennari. Davíð var forsætisráðherra, utanríkisráðherra og seðlabankastjóri, maður með völd. Hann fékk engu að síður að standa óáreittur niðri á Austurvelli þegar hinum margumtöluðu Icesave-samningum var mótmælt af inDefence-hópnum. Kannski þorðu menn ekki að henda neinu í Davíð, báru of mikla virðingu fyrir honum heldur kusu frekar að bíða eftir bakaradrengnum og hengja hann fyrir smiðinn. Kannski bara svolítið einkennandi fyrir bloggsamfélagið eða hvað?

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ÞINN ÁRANGUR
## – settu þig í fyrsta sæti

NÁMSKEIÐ, AÐHALD, OG FASTIR TÍMAR: ÖRUGG LEIÐ TIL ÁRANGURS!

**Námskeið hefjast 31. ágúst og 7. september.**

*97,7% segja námskeiðið hafa uppfyllt eða farið fram úr væntingum þeirra.*

*99,5% segja að þær/þeir myndu mæla með námskeiðinu við aðra.*

Nýtt! **HRAÐFERÐ fyrir karla – 4 vikur, 2x í viku**

Bættu þrek þitt og styrk á mettíma. Einfalt, fljótlegt, skemmtilegt og meiri árangur á skömmum tíma. Aðeins 40 mínútur í senn. Styrktarþjálfunin fer fram í hinum byltingarkenndu Strive 1,2,3 tækjum sem eru m.a. notuð af bandaríska hernum. Fjölbreytt tónlist og þjálfari leiðbeinir þér og hvetur þig til dáða.

**Innifalið:** *Lokaðir tímar 2x í viku*
*Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal og opnum tímum*
*Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum*

**ÁRANGUR/HRAÐFERÐ fyrir karla og konur – 4 vikur, 2x í viku**

Einfalt, fljótlegt, skemmtilegt og meiri árangur á skömmum tíma. Aðeins 40 mínútur í senn. Styrktarþjálfunin fer fram í hinum byltingarkenndu Strive 1,2,3 tækjum.

Nánari lýsingu á námskeiðum og því sem er innifalið er að finna á www.hreyfing.is

Hafðu samband í síma 414 4000 eða skráðu þig á www.heyfing.is (vefverslun).



Sömu verð og í fyrra

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa

Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

ÓDÝRT Í HAGKAUP

ÓDÝRT Í HAGKAUP







Grísahnakki
í sneiðum




Grísagúllas




Grísasnitsel




Grísalund í sneiðum
frosnar, 10 x 100 g steikur

ALOE VERA
drykkur



ALOE VERA DRYKKUR
229 kr/stk.




NEUTRAL ÞVOTTAEFNI
699 kr/pk.




SALERNISPAPPÍR 12 RÚLLUR
408 kr/pk.



LÍFRÆNT PASTA
20% afsláttur v/kassa




BLEIUR
1.508 kr/pk.




LOREAL SNYRTIVÖRUR
20% afsláttur v/kassa

Gildir til 30. ágúst á meðan birgðir endast.

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær



Ódýrt um helgina,
meira úrval.
OPIÐ til 20 alla daga
Holta-kjúklingur
KJÚKLINGA BRINGUR
1.799 kr/kg.
Merkt verð 2.998.-
Holta-kjúklingur
1.884 kr/kg.
Merkt verð 2.899.-
Western kjúklingalundir
Holta-kjúklingur
ÓDÝRT Í HAGKAUP
569 kr/kg.
Merkt verð 949.-
Kjúklingaleggir
í Texaskryddlegi
Í þessum fiskréttum er einungis fyrsta flokks hráefni og hef ég ásamt matreiðslumeisturum á Þremur frökkum kappkostað að ná öllu því besta fram í bragðlaukunum. Verði þér að góðu!
Úlfar Eysteinsson
veitingamaður á Þremur frökkum
974 kr/kg.
Merkt verð 1.298.-
Plokkfiskur í sparifötum
að hætti Úlfars á Þremur frökkum
ÓDÝRT Í HAGKAUP
1.599 kr/pk.
Verð áður 2.399.-
Jensen´s BBQ svínarif
tilbúin beint á grillið
Jói FEL
Betri brauðsalöt!
MANGÓ
349 kr/kg.
ávöxtur mánaðarins
KNORR SÓSUR
399 kr/pk.
PROFIT VÖRUR
20% afsláttur v/kassa
GRÓF RÚNSTYKKI
49 kr/stk.
TRÓPÍ
199 kr/stk.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**> VILL BARA FRÆGA**

Nýjustu sögusagnir herma að leikkonan Jennifer Aniston vilji aðeins fara á stefnumót með frægum mönnum. „Jennifer vill ekki fara á stefnumót með venjulegum karlmönnum. Hún vill aðeins þá sem þykja flottastir hverju sinni, einhvern sem hún veit að á eftir að koma henni í sviðljósið,“ var haft eftir heimildarmanni. Undanfarið hefur hún verið bendluð við Gerald Butler, Bradley Cooper, söngvarann John Mayer, bresku karlfyrirsætuna Paul Sculfor og gamanleikarann Vince Vaughn.



Fólk

folk@frettabladid.is

# Keppt um Viðeyjarhnossgætið

„Við vorum með Töðugjöld í fyrsta sinn í fyrra og þessi keppni er partur af þeirri dagskrá núna á laugardaginn,“ segir Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir leikkona og verkefnastjóri Viðeyjar um keppnina um Viðeyjarhnossgætið. Keppnin er ætluð öllum þeim sem hafa áhuga á að búa til góðgæti úr íslenskri flóru og eina skilyrðið er að eitt innihaldsefni vaxi í Viðey. „Með þessari keppni erum við að vekja athygli á ræktuninni í Viðey sem hefur verið þarna frá því fyrir klausturtímann og þeirri gríðarlega miklu flóru sem er í eyjunni. Til dæmis er kúmenið okkar orðið margfrægt, það drepur ekkert rabarbarann og ætihvönn er alltaf að verða vinsælli í matargerð,“ útskýrir Guðlaug. „Fólk má búa til hvað sem er, svo sem grænmetisrétt, kartöflumús, sultu, te, chutney eða djús. Dómnefndin fer svo eftir útliti, hugmyndaauðgi og að sjálfsögðu hvernig bragðast og það verða vegleg verðlaun í boði,“ bætir hún við, en dómnefnd skipa Hildur Hákonardóttir, Nanna Rögnvaldardóttir og fulltrúi frá Gestgjafanum. Aðspurð segist Guðlaug búast við fjölda manns á hátíðina, „Það komu í kringum 300 manns í fyrra og við reiknum með öðru eins núna. Þetta er haustfagnaður og uppskeruhátíð með skemmtun fyrir börnin, bænastund í kirkjunni og þessari keppni. Hátíðin stendur svo fram á kvöld, en þá verður varðeldur í fjörunni og slegið upp balli í skólanum,“ segir hún, en áhugasamir geta skráð sig í keppnina á videy@reykjavik.is eða á staðnum fyrir klukkan 16. **-ag**



**TÖÐUGJÖLD Í VIÐEY** Keppt verður um Viðeyjarhnossgætið á Töðugjöldum á laugardag og segir Guðlaug keppendur mega búa til hvað sem er, svo lengi sem staðfest sé að eitt innihaldsefni vaxi í Viðey.

# Atli Fannar til Fréttablaðsins

**Atli Fannar Bjarkason, fráfarandi ritstjóri tímaritsins Monitor, hefur verið ráðinn sem blaðamaður á dægurmáladeild Fréttablaðsins. Hann hefur störf 1. september.**

**Atli Fannar er 25 ára gamall Sauðkræklingur en bjó á Selfossi frá fjögurra ára aldri. Hann hefur starfað sem umbrotsmaður og blaðamaður á héraðsfréttablaðinu Glugganum á Selfossi, Blaðinu og 24 stundum. Atli hefur starfað sem ritstjóri Monitors frá því í maí árið 2008.**

**Fréttablaðið býður Atla Fannar velkominn til starfa.**



# Raul vill komast í raunveruleikasjónvarp

Einkaþjálfarinn Raul Rodriguez, sem var nokkuð áberandi hér á landi um tíma, hefur fundið ástina að nýju. Sú heppna heitir Jorie McDonald og er sundfatafyrirsæta í Los Angeles.

Parið var í viðtali við bandaríska dagblaðið Daily Herald og sýndi þar þriggja vikna son sinn, Constantine, en Raul á tvo syni hér á Íslandi. Í viðtalinu kemur fram að Raul og Jorie séu búin að fá nóg af bandarískum raunveruleikaþáttum sem auglýsi meðalmennsku og undirmálsfólk, þau vilji fá fallega og vel gefna fólkið til að vera fyrirmyndir fyrir annað fólk. Nóg sé komið af „lúserum“ eins og þau kalla það.

Mikil umræða hefur spunnist um raunveruleikaþætti í Ameríku eftir að sundfatafyrirsæta, sem einnig var þátttakandi í raunveruleikaþætti, var myrt á óhugnanlegan hátt af mótleikara sínum. Sá hengdi sig skömmu síðar á vegahóteli. Raul og Jorie vilja með sínum raunveruleikaþætti gefa fólki tækifæri til að sjá hvernig heilbrigt fólk lifir sínu lífi. „Daglegt líf okkar Jorie er svona svipað og í sjónvarpsþættinum I Love Lucy,“ útskýrir Raul.

Raul og Jorie eru þegar með líkamsræktarþátt sem kallast Zero to Hero TV og er hægt að nálgast á YouTube-vefsvæðinu en þau binda vonir við að einhver af hinum stóru sjónvarpsstöðvum komi auga á ótvíræða hæfileika þeirra með vefsjónvarpsþættinum Models Mayhem 2 Motherhood en þar mun vefmyndavél fylgjast með lífi þeirra dags daglega. **-fgg**



**RAUL Í GÓÐUM MÁLUM** Raul Rodriguez, sem eitt sinn var einkaþjálfari í World Class, er að gera það gott í Bandaríkjunum. Hann vill að fallega og vel gefna fólkið fái raunveruleikaþátt, ekki bara einhverjir meðaljónar.





**DANIEL CRAIG** Bond-leikarinn vinsæli leikur í fyrsta sinn á Broadway.

# Leika löggur á Broadway

Daniel Craig og Hugh Jackman leika löggur frá Chicago í nýju Broadway-leikriti, A Steady Rain, sem verður frumsýnt í New York 29. september. Þetta verður í fyrsta sinn sem Craig stígur á svið á Broadway en hann er þaulvanur því að leika á sviði í London. Jackman er vanari Broadway því hann vann Tony-verðlaunin árið 2004 fyrir hlutverk tónlistarmannsins Peter Allen í The Boy From Oz. Í leikritinu A Steady Rain leikur Jackman skapstirðu lögguna Denny en Craig leikur hinn rólega Joey sem er óvirkur alkóhólisti. Áætlað er að leikritið ljúki göngu sinni 6. desember.

# Spáir Gaga stuttum ferli

**Tori Amos spáir því að ferill Lady Gaga verði ekki langur og aðdáendur hennar muni fljótt fá leið á henni. „Lady Gaga er söngkona sem skemmtir fólki í ákveðinn tíma og það er ekkert að því. Heimurinn þarf á því að halda akkúrat núna. En svo eru listamenn eins og Neil Young sem troða upp á Glastonbury eftir 40 ára feril. Það er mjög frábrugðin tegund af listamanni.“**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 28. ágúst 2009**

### → Tónleikar

**19.30** Á Hótel **Geysi** í Haukadal mun Xsander Fuchs leika á alpahorn. Einnig munu Pálmi Sigurhjartarsson og Mr. Kattner flytja nokkur lög.

**22.00** **Bryndís Ásmundsdóttir** og Janis Joplin Tribute verða á Græna Hattinum við Hafnarstræti á Akureyri. Húsið verður opnað kl. 21.

### → Leiklist

**20.00** Sérstök styrktarsýning verður á ***„Fúlar á móti“*** í Loftkastalanum við Seljaveg þar sem allur ágóði sýningarinnar rennur til Grensássöfnunarinnar. Edda Heiðrún Backmann, leikkona verður sérstakur hátíðargestur sýningarinnar.



### → Jazzhátíð

**Jazzhátíð** í Reykjavík stendur yfir til **1. september**. Nánari upplýsingar á jazz.is.

**20.00** Árni Heiðar Karlsson píanóleikari og tríóið **Helbock-Dietrich-Vogel** koma fram á tónleikum í Norræna húsinu við Sturlugötu.

**22.00** Í Iðnó við Vonarstræti verður Tropicalia, Bossa Nova og Salsaball í stóra salnum og **Tangóball** á efri hæðinni.

### → Tónlistarhátíð

Tónlistarhátíðin **Melodica Austic Festival.** Fjöldi listamanna kemur fram á tónleikum sem haldnir verða í dag og á morgun í Nýlenduvöruverzlun Hemma og Valda og á Kaffi Hljómalind við Laugaveg og á **Café Rosenberg** við Klapparstíg. Aðgangur er ókeypis.

### → Dans

**21.00** Í Leikhús Batteríinu við Hafnarstræti 1, verður flutt dansskotna leikhúsverkið **„Lady's Choice“** eftir Sigríði Soffíu Nielsdóttur. Þessi viðburður er í tengslum við artFart hátíðina. Nánari upplýsingar á **www.artfart.is.**

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**










# Maraþon í hversdagsleika

Í gær fóru fyrstu Eðlileikarnir, maraþon í hversdagsleika, fram. „Fólk skráir sig sem þátttakendur og þegar það mætir á staðinn þá fær það úthlutað persónu og maka. Þá tekur við dagskrá sem samanstendur af heimilisþrautum, matarboðsþrautum og svo eru veittar viðurkenningar. Fólk tekst á við hversdagsleg verkefni, eins og að hella upp á kaffi, fara í bað, horfa á sjónvarp og svoleiðis,“ segir Vilborg Ólafsdóttir, en hún, Eva Rún Snorradóttir og Eva Björk Kaaber sjá um leikana.


**EÐLILEGAR** Vilborg, Eva Rún og Eva Björk eru sérfræðingar í eðlileika. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við prófuðum að fara í gegnum einn dag og skrifuðum upp allt sem við gerðum yfir daginn, við erum búnar að vera að rannsaka hversdagsleikann. Við spurðum fólk líka út í það hvað væri hversdagslegt og um hversdagslíf hjóna sérstaklega,“ segir Vilborg.

Þríeykið undirbýr einnig heimildarmynd um hjónabönd sem ber nafnið Trú-lof. „Við erum allar með kynjafræðimenntun og langar að skoða hjónabönd út frá því hvað er eðlilegt og viðtekið. Við höfum skoðað fleiri en eina gerð hjónabanda og rótina að þessari hefð.“ Það má því segja að þær séu sérfræðingar í eðlileika. „Aðalfókusinn er á eðlilegheit og að fá fólk til að velta fyrir sér af hverju er það sem við köllum eðlilegt og leyfilegt eðlilegt en ekki eitthvað annað?“

Leikarnir fara fram á þremur heimilum, en þátttakendum er skaffað fæði og klæði meðan á leikunum stendur. Leikarnir hefjast klukkan fjögur og standa í fimm tíma í kvöld, annað kvöld og á sunnudag. Fólk getur skráð sig með tölvupósti á edlileikar@gmail.com, og er þátttaka frí. **- kbs**

# Fá lagahöfunda út úr skápnum

Tónlistarhátíðin Melodica Acoustic Festival fer fram um helgina, en þetta mun vera í þriðja sinn sem hátíðin er haldin.

„Þetta er fjölþjóðleg tónlistarhátíð sem snýst um að efla tengsl milli listamanna. Þetta er líka hugsað svolítið sem vettvangur til þess að aðstoða yngri tónlistarmenn og lagahöfunda við að fóta sig og mynda sambönd sem þeir gætu nýtt sér í framtíðinni,“ segir Svavar Knútur, tónlistarmaður og skipuleggjandi hátíðarinnar.

Svavar Knútur segir að tónleikarnir verði allir órafmagnaðir og séu fyrst og fremst ætlaðir lagahöfundum og trúbadorum. „Margir trúbadorar og lagahöfundar hafa verið svolítið inni í skáp með tónlist sína og við erum að reyna að draga þetta fólk fram í dagsljósið þannig að fólk fái að kynnast tónlist þeirra. Það verða tónleikar alla helgina og fara þeir fram í Nýlenduvöruverslun Hemma og Valda, Kaffi Hljómalind og Café Rosenberg. Aðgangur er ókeypis þannig að ég hvet alla til þess að kíkja og njóta góðrar tónlistar.“ **- sm**


**ÓRAFMÖGNUÐ HÁTÍÐ** Svavar Knútur segir hátíðina vera vettvang lagahöfunda og trúbadora. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


NÝTT Í BÍÓ!




500 kr. allar myndir allar sýningar alla þriðjudaga allt sumar

Gildir ekki í lúxussal, Borgarbíó né á 3D myndir

500 kr. ★★★ - Ó. Þ. I., Kvikmyndir.com — my sister's keeper (12)

★★★ - Ó.H.T., Rás 2 ★★★ - S.V., MBL — ÍSÖLD 3 — 500 kr. (L)

BALLS OUT (12) 500 kr. — B13 ULTIMATUM (14) 500 kr. — THE HURT LOCKER ★★★★★ - S.V. MBL, ★★★★★ V.J.V. - FRÉTTABLAÐIÐ, ★★★★ - Ó.H.T, Rás 2 (16) 500 kr. — ★★★★ T.V. - Kvikmyndir.is 500 kr. LÚXUS

**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5 - 8 - 11 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR LÚX | kl. 5 - 8 - 11 | 16 |
| BALLS OUT | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| THE HURT LOCKER | kl. 8 - 10.45 | 16 |
| ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 D (850 kr.) | L |
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 8 - 11 | 10 |

**HÁSKÓLABÍÓ** SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 7.30 - 9 - 10.30 | 16 |
| B13 - ULTIMATUM | kl. 8 - 10.10 | 14 |
| MY SISTERS KEEPER | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 5.50 | L |

**BORGARBÍÓ** SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 9 | 16 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 6 | L |
| MY SISTERS KEEPER | kl. 8 | 12 |
| LESBIAN VAMPIRE KILLERS | kl. 10 | 16 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000 — 500 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5.30 - 7 - 8.30 - 10 | 16 |
| BALLS OUT | kl. 5.50 - 8 | 12 |
| THE HURT LOCKER | kl. 10.10 | 16 |
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 5.50 - 8 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 10.10 | 14 |

NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁSBÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus

POWERSÝNING KL. 10.00 — ★★★★½ - T.V. - Kvikmyndir.is — STÆRSTA KVIKMYNDASERÍA ALLRA TÍMA ER KOMIN Í BÍÓ!

CHANNING TATUM TERRENCE HOWARD — ★★★½ „Í Fighting er alvöru harka og frábærir leikarar.“ - Boston globe — FIGHTING

ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR 500 KR Á ALLAR MYNDIR

★★★ - Ó. Þ. I., Kvikmyndir.com — ÍSÖLD 3 SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| FIGHTING | kl. 8 og 10.10 | 14 |
| HARRY POTTER - POWER | kl. 4, 7 og 10 | 10 |
| MY SISTER´S KEEPER | kl. 4, 8 og 10.10 | 12 |
| ÍSÖLD 3 - Íslenskt tal | kl. 4 og 6 | L |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓUNUM Í DAG KR. 500

GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D




MYND SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF! brüno

CHANNING TATUM TERRENCE HOWARD FIGHTING ★★★ ROGER EBERT ★★★½ BOSTON GLOBE

**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 6 | kl. 2D - 4 - 5D - 7 - 8D - 10:10 - 11:10D | 10 |
| HARRY POTTER 6 | kl. 2 - 5 - 8 - 11:10 örfá sæti laus | VIP |
| BRUNO | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 8:30 - 10:10 - 10:30 | 14 |
| THE HANGOVER | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 2 - 5 | 10 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER | kl. 3D - 5D - 8D - 10D - 11:10D | 10 |
| FIGHTING | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 14 |
| BRUNO | kl. 6D - 8:15D | 14 |
| THE HANGOVER | kl. 3:50 | 12 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 6 | kl. 7 - 10 | 7 |
| BRUNO | kl. 8 - 10 | 14 |

KYNNTU ÞÉR SÝNINGARTÍMA Á SELFOSSI OG Í KEFLAVÍK Á WWW.SAMBIO.IS



ÞAÐ ER LEIKUR AÐ LÆRA MEÐ NÁMUNNI

Aukakrónur fyrir Námufélaga

Náman leggur námsmönnum lið með því að bjóða hagstæðari kjör, betri yfirsýn yfir fjármálin, 2 fyrir 1 í bíó*, 150 fríar færslur á ári, Námu A-kort með Aukakrónusöfnun auk fjölda annarra fríðinda.

Kynntu þér Námuna á landsbankinn.is, í síma 410 4000 eða í næsta útibúi.

Landsbankinn



Ahd Tamimi, Námufélagi á málabraut

ENNEMM / SÍA / NM38943 NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080.

# BT TILBOÐ Í GÓÐU LAGI!



8 KLST RAFHLÖÐUENDING
14.0" HD LED SKJÁR
VEGUR AÐEINS 1,9KG

## Acer Aspire Timeline 4810

**SÚ ALLRA VINSÆLASTA Í DAG**

BT léttvextir 7,7%

- 14.0 High Definition LED skjár
- Intel Core 2 Solo SU2700 1.3Ghz
- 3GB DDR3 1066 MHz minni
- 320GB SATA 5400RPM
- 512MB Intel x4500 HD skjástýring
- Þráðlaust netkort Draft-N 300Mbps
- Super Multi skrifari
- Gigabit Lan
- Vefmyndavél
- 5 in 1 Minniskortalesari
- 6 cellu rafhlaða
- Windows Vista Home Premium
- Vegur 1.9 KG

**149.999**

BT LÁN – Til all að 24 mánaða

## Nýtt DVD margir titlar



NÝTT **2.499**

## Samsung NP-R522

**VÖNDUÐ VÉL FYRIR ÞÁ SEM GERA KRÖFUR**



BT léttvextir 7,7%

15,6" skjár LED HD 1366x768
Örgjörvi: Intel® Pentium Dual Core T4200 2,00Ghz, 800Mhz, 1Mb
Kubbasett: Intel GM45 + ICH9M
Skjákort: Intel GMA X4500 á móðurborði
Vinnsluminni: 4Gb DDR2 / 2Gb x 2
Harður diskur: 250Gb 5400rpm S-ATA
DVD-RW Super Multi Dual Layer DVD skrifari
4x USB2.0, VGA, HDMI, Headphone út, Mic in,
Innbyggður mic, 3-1 kortalesari (MMC, SD og SDHC), RJ45, PCI Express kort,
Gigabit netkort.
Þráðlaust: 802.11bg/n, 1.3 Mpixel vefmyndavél
Windows Vista Home Premium, vegur aðeins 2,55 kg.

**145.999**

BT LÁN – Til all að 24 mánaða



Batman svalari en nokkru sinni fyrr í þessum hrikalega tölvuleik

PS3 og XBOX360

**10.999**



## Samsung ES-15

**10.2 MILLJÓN PIXLAR**

BT léttvextir 7,7%

- 10.2 milljón pixlar
- 5x aðdáttarlinsa (35mm)
- (2,5") LCD skjár
- ISO 1600
- Face Detection
- Red Eye Fix
- Digital Image Stabilization
- Tekur SD og SDHC kort

**19.999**

BT LÁN – Til all að 24 mánaða

## Samsung NV 9

**10.2 MILLJÓN PIXLAR**

BT léttvextir 7,7%

- 10.2 Megapixels
- 5x Optical Zoom
- 2.7" Intelligent LCD Screen
- Dual Image hristivörn
- MP3 spilari
- Face Detection, Smile & Blink Detection, Beauty Shot
- 11 scene modes
- High Sensitivity ISO 3200



**37.999**

BT LÁN – Verð frá: 2.396 – 24 mánaða

3000 kr verðlækkun

## Sony Playstation 3

**80GB LEIKJAVÉL**

**59.999**



FÁRÁNLEGT VERÐ!

BT léttvextir 7,7%

TAKMARKAÐ MAGN

BT LÁN – Til all að 24 mánaða

## NOKIA FARSÍMAR Á SÉRTILBOÐI

**Í BT Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST**



BT SKEIFAN - BT SMÁRALIND - BT AKUREYRI - www.BT.is - 550-4444

© SmartMedia | www.smartmedia.is | 588-4100

## > Arnór þarf í aðgerð

Landsliðsmaðurinn Arnór Smárason mun gangast undir aðgerð í næstu viku vegna meiðsla á vöðva aftan í læri. Hann hefur ekkert getað leikið með liði sínu, hollenska úrvalsdeildarfélaginu Heerenveen, vegna þessa í haust. Það tók langan tíma að fá úr því skorið hvers eðlis meiðslin væru en eftir að hann gekkst undir rannsóknir hjá belgískum sérfræðingi komu meiðslin í ljós. Hann verður frá í 6-8 vikur vegna aðgerðarinnar, að minnsta kosti. Greint var frá þessu á heimasíðu Heerenveen í gær.



**sport**
sport@frettabladid.is

**ÞÓRA OG EDDA:** ÁNÆGÐAR MEÐ FRAMMISTÖÐU OG BARÁTTU ÍSLENSKA LIÐSINS

# *Þær voru dauðlifandi fegnar og telja sig heppnar*



Þóra Björg Helgadóttir og Edda Garðarsdóttir voru stoltar af frammistöðu liðsins en jafnframt svekktar með að fá ekki stig og halda voninni lifandi um að komast áfram í átta liða úrslitin.

„Við stóðum okkur vel og það er erfitt að vera svekktur. Við erum samt drullusvekktar með að þetta sé búið hjá okkur en það var ekki mikið hægt að finna að okkar leik í dag. Þetta var ekki eins og eftir Frakkaleikinn þar sem að okkur fannst við hafa brugðist," sagði Þóra.

„Eftir Frakkaleikinn fannst okkur að það hallaði á okkur í dómgæslunni og öll vafaatriði voru að detta þeim megin. Þetta var baráttuleikur og við vorum að spila þann fótbolta sem við eigum að og getum spilað. Mér fannst það frábært en síðan erum við ekki að ná að klára sóknirnar okkar," sagði Edda.

Þær voru báðar mjög ánægðar með hvernig liðið kom til baka eftir að hafa fengið á sig markið í lok fyrri hálfleiks. „Það var aðdáunarvert að sjá hvernig við létum þetta mark ekki hafa áhrif á okkur. Mér fannst við koma tvíefldar til leiks," sagði Þóra.

„Það var rosalega að fá þennan löðrung rétt fyrir hálfleik. Það sýndi bara hvaða karakter þetta lið hefur að koma út með hökuna upp og baráttuna í lagi. Það er svekkjandi að skora ekki en maður fær ekki stig fyrir að halda boltanum því maður þarf að fá mörk til þess að vinna leiki," sagði Edda.

Þóra segir norska liðið hafa viðurkennt að þær hafi haft heppnina með sér. „Þær voru fegnar í lokin eftir að hafa verið með þvílíkar yfirlýsingar fyrir leikinn. Þær töluðu um að við værum ekkert nema tuddar og ég held að við höfum komið þeim vel á óvart með okkar spilamennsku. Þær voru dauðlifandi fegnar og telja sig heppnar," sagði Þóra.

„Við getum verið stoltar eftir leikinn því þær fengu bara eitt gott færi í leiknum og skoruðu úr því. Það var lítið við því að gera. Spilamennskan var til fyrirmyndar en okkur vantar að taka lokaskrefið í sókninni."

## ÚRSLIT

*EM 2009 - B-riðill*

| Frakkland - Þýskaland | 1-5 |
|---|---|

0-1 Grings (9.), 0-2 Krahn (17.), 0-3 Behringer (45.), 0-4 Bresonik (47.), 1-4 Thiney (51.), 1-5 Laudehr (91.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Þýskaland** | **2** | **2** | **0** | **0** | **9-1** | **6** |
| Frakkland | 2 | 1 | 0 | 1 | 4-6 | 3 |
| **Noregur** | **2** | **1** | **0** | **1** | **1-4** | **3** |
| Ísland | 2 | 0 | 0 | 2 | 1-4 | 0 |

**Ísland 0-1 Noregur**

Lahti Stadium. Áh: 1.399 — Cristina Dorcioman (7)

*0-1 Cecilie Pedersen (45.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 7–14 (3–5) |
| Varin skot | Þóra 4 – Hjelmseth 2 |
| Horn | 5-4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 6-8 |
| Rangstöður | 7-1 |

## FRAMMISTAÐA LEIKMANNA

**Þóra Björg Helgadóttir, markvörður.** .......... 6
Spilaði af öryggi og var vel vakandi í markinu þegar Norðmenn reyndu að stinga boltanum inn fyrir. Gat lítið gert í markinu.

**Erna Björk Sigurðardóttir, hægri bakvörður.** .......... 6
Spilaði vel og flestar hennar aðgerðir voru framkvæmdar af miklu öryggi og yfirvegun. Var tekin útaf til þess að breyta um taktík og engu öðru.

**Katrín Jónsdóttir, miðvörður.** .......... 6
Var gríðarlega grimm í öllum návígum en lenti nokkrum sinnum í vandræðum maður á mann. Fór þetta þó á baráttu og reynslu og gaf liðinu mikið með góðri stjórn á vörninni.

**Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, miðvörður** .......... 7
Lék vel að vanda, vann marga bolta og spilaði þeim vel frá sér. Hún kæfði hvað eftir annað lofandi upphlaup norska liðsins þegar þær voru að gerast ágengar nálægt teignum.

**Ólína Guðrún Viðarsdóttir, vinstri bakvörður.** .......... 8
Lék mjög vel, hjálpaði mikið til í sókninni og vann vel í vörninni. Fór mikinn í mörgum flottum sóknum í seinni hálfleik. Var besti maður íslenska liðsins í leiknum.

**Edda Garðarsdóttir, varnartengiliður** .......... 6
Gekk mun betur en í síðasta leik en tókst þó ekki nægilega vel upp í sendingunum. Vann vel fyrir liðið en íslenska liðið þarf meira frá henni sóknarlega séð.

**Dóra Stefánsdóttir, varnartengiliður.** .......... 5
Byrjaði leikinn af miklum krafti og átti frábæra stungusendingu eftir 12 sekúndur. Náði ekki að halda út og það dró af henni eftir því sem leið á leikinn.

**Dóra María Lárusdóttir, hægri kantmaður.** .......... 6
Átti hættulegt skot í stöngina í upphafi leiks en var of lítið í boltanum og skapaði því ekki mikið. Það heppnaðist vel að færa hana inn á miðjuna enda komst hún þá meira í boltann.

**Sara Björk Gunnarsdóttir, sóknartengiliður** .......... 5
Vann vel eins og vanalega en var oft of vilt í sínum sendingum og sendingarvali. Annan leikinn í röð kom hún betur út þegar hún var færð í stöðu varnartengiliðs.

**Hólmfríður Magnúsdóttir, vinstri kantmaður** .......... 6
Gat skorað eftir 12 sekúndur en sinnti varnarvinnunni ekki nægilega vel í fyrri hálfleik sem var slakur hjá henni. Kom grimm inn í þann seinni og var oft nálægt því að skapa mark með góðum hlaupum. Þarf helst að fara að spila tvo góða hálfleiki í sama leiknum og er enn að reyna of erfiða hluti.

**Margrét Lára Viðarsdóttir, framherji.** .......... 5
Reyndi að koma sér inn í leikinn en var oft fyrir vikið alltof langt frá markinu til að skapa eitthvað. Hún var annars í strangri gæslu og komst lítið áleiðis á móti góðum miðvörðum norska liðsins.

**Varamenn:**

**Rakel Logadóttir kom inn á fyrir Dóru Stefánsdóttur á 59. mínútu** .......... 6
Komst vel frá sinni innkomu, ógnaði með hraða sínum og hélt breiddinni vel. Íslenska liðið tók meiri áhættur í sóknarleiknum eftir innkomu hennar og það kom vel út.

**Rakel Hönnudóttir kom inn á fyrir Ernu Björk Sigurðardóttur á 82. mínútu** .......... -

# Leikirnir verða bara þrír

**Lukkan var ekki með stelpunum okkar, sem töpuðu 0-1 fyrir Noregi þrátt fyrir fínan leik og hetjulega baráttu í gær. Vegna tapsins endar Ísland óhjákvæmilega í neðsta sæti riðilsins og kemst því ekki áfram í fjórðungsúrslit keppninnar.**

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið á ekki lengur möguleika á því að komast í átta liða úrslitin á Evrópumótinu í Finnlandi eftir ósanngjarnt 0-1 tap á móti Noregi í Lahti í gær. Lukkan var ekki með íslenska liðinu sem komst oft nálægt því að skora en þurfti síðan að sætta sig við að fá á sig mark á síðustu sekúndu fyrri hálfleiks. Það mark kom upp úr litlu sem engu en átti eftir að ráða úrslitum í leiknum og sjá til þess að stelpurnar okkar eru á heimleið frá Finnlandi eftir lokaleikinn í riðlinum gegn Þjóðverjum á sunnudag.

Það hefði auðveldlega getað verið orðið 2-0 fyrir Ísland eftir tólf mínútur. Hólmfríður Magnúsdóttir var sloppin í gegn eftir aðeins 12 sekúndna leik eftir frábæra stungusendingu frá Dóru Stefánsdóttur, en skot hennar fór rétt framhjá. Eftir 12 mínútur átti Dóra María Lárusdóttir síðan fyrirgjöf eftir laglega sókn sem endaði í innanverðri stönginni og skoppaði fyrir framan norska markið. Þar munaði ekki mörgum millimetrum.



**GEKK EKKI** Margrét Lára var í strangri gæslu norsku varnarmannanna í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/OSSI AHOLA

Íslensku stelpurnar voru reyndar of oft að tapa boltanum illa og gefa Norðmönnum tækifæri á skyndisóknum, en þegar leið á hálfleikinn var það komið í betra lag. Isabell Herlovsen var í góðri gæslu Guðrúnar Sóleyjar Gunnarsdóttur en norska liðið fór mikið upp vinstri kantinn í gegnum Solveigu Gulbrandsen. Þá var Cecilie Pedersen, sem var þarna að byrja sinn fyrsta landsleik, alltaf að ógna því að sleppa í gegnum íslensku vörnina sem margoft náði að stoppa gegnumbrot hennar á síðustu stundu. Það átti þó eftir að klikka á skelfilegum tímapunkti.

Fyrri hálfleikur var að renna út þegar reiðarslagið kom. Cecilie Pedersen fékk langa sendingu frá bakverðinum Toril Akerhaugen, sneri laglega af sér Katrínu Jónsdóttur, stakk sér inn í teig og skoraði af öryggi. Lukkan ætlaði ekki að vera með íslenska liðinu annan leikinn í röð.

Leikurinn var mun opnari í seinni hálfleiknum. Norðmenn fengu góð færi í upphafi þar sem íslenska liðið tók meiri áhættur í leik sínum. Íslenska liðið óx eftir því sem leið á hálfleikinn og eftir klukkutíma leik munaði ítrekað litlu hjá íslenska liðinu eftir fjórar flottar sóknir á stuttum tíma.

Íslenska liðið lék mun betur en á móti Frakklandi og átti mjög góðan seinni hálfleik þrátt fyrir áfallið í lok þess fyrri. Liðið sofnaði hins vegar á verðinum í eitt sekúndubrot í lok fyrir hálfleiks og það reyndist dýrkeypt. Spilamennskan var þó til fyrirmyndar og stelpurnar áttu, án nokkurs vafa, skilið stig úr þessum leik í Lahti í gær.



EM Í FINNLANDI
ÓSKAR ÓFEIGUR JÓNSSON
skrifar frá Tampere
ooj@frettabladid.is

Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari var ánægður með frammistöðuna:

# Svekkjandi að fá ekkert úr leiknum

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari gat ekki gagnrýnt frammistöðu stelpnanna sinna eftir tapið á móti Noregi í gær. „Það er svekkjandi að fá ekkert út úr leiknum því mér fannst við spila nokkuð vel og þar af spiluðum við mjög vel í seinni hálfleik," sagði hann eftir leikinn.

„Ég var fúll með að vera undir í hálfleik því við vorum búnar að vera alveg jafngóðar og þær. Við höfðum jafnvel skapað fleiri og betri færi. Það er mikið svekkelsi. Það hefði verið auðvelt fyrir liðið að brotna niður þá en Ísland kom út í seinni hálfleik, spilaði virkilega vel og lagði allt sitt í leikinn," sagði Sigurður Ragnar og bætti við:

„Við náðum að setja Norðmennina undir pressu en það vantaði að skapa pínulítið opnari færi til þess að ná að refsa þeim. Leikmenn gáfu allt sem þær áttu í leikinn og meðan að svo er þá verður maður að vera ánægður með leikinn."



**SIGURÐUR RAGNAR** Landsliðsþjálfarinn var ánægður með leikmenn.
FRÉTTABLAÐIÐ/OSSI AHOLA

Sigurmarkið kom á skelfilegum tíma rétt fyrir hálfleik. „Ég veit ekki hvort þetta var einbeitingarleysi eða hvort það vantaði völdun. Hún nær að snúa á Kötu í markinu og komast inn fyrir. Hún gerði þetta mjög vel og kláraði færið sitt vel. Við eigum ekki að leyfa henni að gera það. Það má segja að það hafi komið á óvart að hún hafi byrjað inni á því hún var valin óvænt í norska hópinn. Hún á bara að baki 19 ára landsleiki en við vissum að hún var fljót og hún stóð sig vel í leiknum," sagði Sigurður Ragnar um mann leiksins, hina 18 ára gömlu Cecilie Pedersen.

„Mér fannst þessi leikur mun betur spilaður af okkar hálfu heldur en leikurinn á móti Frökkum. Við getum tekið það með okkur og við þurfum bara að halda áfram að bæta okkur. Þetta er búin að vera fín reynsla að spila á móti gríðarlega sterkum liðum á þessu móti. Það verður ekkert léttari leikur næst, en vonandi getum við haldið áfram að bæta okkar leik því þannig nálgumst við þessi lið, á endanum stöndum við þeim jafnfætis og vonandi framar."

**- óój**

FYLKIR

**Fimleikadeild Fylkis**

Innritun í alla hópa Fimleikadeildar Fylkis fer fram mánudaginn 31. ágúst og þriðjudaginn 1. september kl. 17-20 í Fylkishöll. Ganga þarf frá greiðslu við innritun.

Grunn- og framhaldshópar fyrir stúlkur fæddar 2004 og eldri.

Grunnhópar fyrir drengi fædda 2002-2003.

**Íþróttaskóli Fylkis**

Hefst laugardaginn 12. september í íþróttahúsi Árbæjarskóla.
Börn fædd 2005-2006 kl. 9.30-10.30
Börn fædd 2003-2004 kl. 10.30-11.30

Greitt er við innritun í fyrsta tíma kr. 11.000.- fyrir 12 skipti.
Kennari er Alda Hanna Hauksdóttir

# ALLTAF BETRA VERÐ




## acer FARTÖLVA

**Acer Aspire 5738ZG-423G25MN**

2.0GHz Intel Pentium Dual-Core T4200 - Centrino Duo örgjörvi • 3GB DDR2 minni • 250GB SATA harðdiskur • 15.6" WXGA CineCrystal skjár • 512MB ATI Mobility Radeon HD 4570 PCI-Express skjákort • Þráðlaust netkort • Vefmyndavél • Talnaborð • Windows Vista Home Premium

**139.990**




## msi FARTÖLVA

**MSI Wind U123**

Intel Atom N280 1.66GHz örgjörvi • GMA 950 skjákort • 1GB vinnsluminni • 160GB harður diskur • 10" WSVGA skjár • Þráðlaust BGN netkort • Bluetooth • Vefmyndavél • Windows XP Home • Fæst hvít eða grá

**69.990**




## TOSHIBA FARTÖLVA

**Toshiba L300-25L**

2.2Ghz Intel Celeron M 900 Centrino örgjörvi • 1GB DDR2 800MHz minni • 120GB SATA diskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.4" WXGA breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Þráðlaust 54Mbps 802.11b/g netkort • Vefmyndavél • Windows Vista Home Basic

**89.990**




## acer FARTÖLVA

**Acer Aspire 7530G-623G25MN**

2.0Ghz AMD Athlon X2 Mobile QL-62 örgjörvi • 3GB DDR2 667MHz minni • 250GB SATA diskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 17" WXGA CrystalBrite breiðskjár • 256MB DDR2 Geforce Go 9100M GS skjákort • Þráðlaust 802.11bgn netkort • Vefmyndavél • Windows Vista Home Premium

**119.990**




## acer emachines

**Acer eMachine G725-424G32MI**

2.0GHz Intel Pentium Dual-Core T4200 - Centrino Duo örgjörvi • 4GB DDR2 minni • 320GB SATA diskur • 17.3" WXGA LED CrystalBrite breiðskjár • Intel GMA 4500M skjákort • Þráðlaust netkort • Vefmyndavél • DVD±RW, CD-RWskrifari • Windows Vista Home Premium

**129.990**




## acer FARTÖLVA

**Acer Aspire 5536G-644G50MN**

2.1Ghz AMD Athlon X2 Mobile QL-64 örgjörvi • 4GB DDR2 667MHz minni • 500GB SATA diskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.6" WXGA LED CineCrystal skjár • 512MB ATI Mobility Radeon HD 4570 PCI-Express skjákort • Þráðlaust 802.11bgn netkort • Talnaborð • Vefmyndavél • Windows Vista Home Premium

**149.990**




## TOSHIBA FARTÖLVA

**Toshiba Satellite U400-16E**

2.0GHz Intel Core Duo T3200 örgjörvi • 3GB DDR2 800MHz vinnsluminni • 250GB harðdiskur • DVD±RW Dual Layer skrifari • 13,3" WXGA breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Windows Vista Home Premium • 1.3MP vefmyndavél í skjá

**149.990**




## TOSHIBA FARTÖLVA

**Toshiba Satellite L500-142**

2.1GHz Intel Pentium Dual-Core T4300 - Centrino Duo örgjörvi • 3GB DDR2 800MHz minni • 320GB diskur • DVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.6" FHD WXGA+ skjár með High Def TruBrite • 512MB ATI Mobility Radeon HD 4570 PCI-Express skjákort • Þráðlaust 802.11agn netkort • VGA vefmyndavél • Windows Vista Home Premium

**169.990**




## TOSHIBA FARTÖLVA

**Toshiba Satellite A500-12W 16**

2.53Hz Intel Core 2 Duo P8700 örgjörvi • 4GB DDR2 800MHz minni • 320GB diskur • DVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 16" FHD WXGA+ skjár með High Def TruBrite • 1GB ATI Mobility Radeon HD 4670 PCI-Express skjákort • Þráðlaust 802.11agn netkort • Vefmyndavél • Windows Vista Home Premium

**229.990**

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 |

## > Wesley Snipes

„Draumur minn var að verða dansari og vinna við söngleiki og vera kannski í auglýsingum. En svo æxluðust málin þannig að ég varð leikari. Ég get samt enn þá sýnt flotta danstakta.“

***Snipes fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni The Detonator sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON HLÓ Í KÓR AÐ ÓFÖRUM ANNARA

# *Óheppnir Kanar sem kitla hláturtaugarnar*

Ég fór í heimsókn til ömmu minnar fyrir stuttu ásamt mömmu minni. Stuttu síðar bættist ein frænkan við og börn hennar. Þarna sátu saman fjórar kynslóðir, frá fjögurra ára aldri og upp í nírætt, og spjölluðu saman. Þeim yngstu fór þó brátt að leiðast spjallið og tóku að flakka á milli sjónvarpsstöðva í veikri von um að finna eitthvað áhugavert til að horfa á. Litlir fingur héldu flakkinu um sjónvarpsstöðvarnar sleitulaust áfram þar til þau hrópuðu allt í einu upp yfir sig; Jess, America‘s Funniest Home Videos!

Hin fyndnu myndbönd Ameríkananna birtust okkur á skjánum eitt á eftir öðru, og þar mátti líta hrakfallabálka sem tóku ljótar byltur af reiðhjólum, hunda sem hlupu á veggi og íkorna sem beit barn í nefið.




Í fyrstu óttaðist ég að ömmu minni, sem er orðin þetta gömul, gæti þótt sjónvarpsefnið of hávært, en sú var ekki raunin því sú gamla hló pent að óförum Kananna til jafns við okkur hin.

Fíflalætin í þættinum America‘s Funniest Home Videos kitluðu hláturtaugarnar hjá öllum kynslóðum fjölskyldunnar, allt frá þeim allra yngstu til ættmóðurinnar. Þó að manni sé ungum kennt að hlæja ekki að óförum annarra þá virðist sem sú tilhneiging ætli seint að eldast af manni.

## FÖSTUDAGUR



▶ **18.30** Barcelona – Shakhtar, beint STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10** Beauty and the Geek STÖÐ 2



▶ **20.10** Popppunktur SJÓNVARPIÐ



▶ **20.10** The Contender Muay Thai SKJÁREINN



▶ **21.00** Peep Show STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**14.30 EM kvenna í fótbolta** Bein útsending frá leik Ítala og Svía.

**16.45 Táknmálsfréttir**

**17.00 EM kvenna í fótbolta** Bein útsending frá leik Englendinga og Rússa.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Popppunktur** (Ljótu hálfvitarnir - Sigur Rós) Dr. Gunni og Felix Bergsson stjórna spurningakeppni hljómsveita. Fyrri undanúrslitaþáttur.

**21.15 Reimleikar á Buxley Hall** (The Ghosts of Buxley Hall) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1980. Hershöfðinginn Buxley stofnaði herskóla fyrir hundrað árum. Nú þrengir að skólanum vegna fjárhagsvandræða og afkomandi Buxleys reynir að koma í veg fyrir að skólanum verði lokað með því að sameina hann kvennaskóla.

**22.45 EM kvöld** Fjallað um leiki dagsins á EM kvenna sem fram fer í Finnlandi.

**23.15 Lögreglustöðin á númer 36** (36 Quai des Orfèvres) Frönsk bíómynd frá 2004. Tveir lögreglumenn eiga í höggi við stórhættulegt ræningjagengi í undirheimum Parísar en eru um leið í samkeppni um yfirmannsstöðu í lögreglunni. Aðalhlutverk: Daniel Auteuil, Gerard Depardéu og Valeria Golino.

**01.05 Gullmót í frjálsum íþróttum** Upptaka frá gullmóti sem fram fór í Zürich fyrr um kvöldið.

**03.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Waitress**

**10.00 Cats & Dogs**

**12.00 The Mother**

**14.00 Knights of the South Bronx**

**16.00 Waitress**

**18.00 Cats & Dogs**

**20.00 Ruffian** Áhugaverð mynd um Ruffian, einn frægasta keppnishest Bandaríkjanna og sigurgöngu hennar í byrjun áttunda áratugarins.

**22.00 The Detonator** Leyniþjónustumaðurinn Sonni Griffith þarf að flytja mikilvægt vitni til nánari yfirheyrslu en það reynist erfitt verk.

**00.00 Danny the Dog**

**02.00 Air Strike**

**04.00 Ruffian**

**06.00 Fauteuils d‘orchestre**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Dynkur smáeðla, Gulla og grænjaxlarnir og Kalli litli Kanína og vinir.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (12:25)

**10.00 Doctors** (13:25)

**10.30 Jamie At Home** (8:13)

**11.00 Amne$ia** (4:8)

**11.50 Wildfire** (12:13)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 La Fea Más Bella** (13:300)

**13.50 La Fea Más Bella** (14:300)

**14.40 La Fea Más Bella** (15:300)

**15.30 Newlywed, Nearly Dead** (7:13)

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Saddle Club, Camp Lazlo og Kalli litli Kanína og vinir.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (18:24) Ísskápurinn hans Joeys bilar og Joey reynir að fá vini sína til að hjálpa sér að kaupa nýjan.

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (11:22) Simpson-fjölskyldan er söm við sig og hefur, ef eitthvað er, aldrei verið uppátækjasamari.

**19.45 Two and a Half Men** (11:24) Charlie er eldhress piparsveinn sem kærir sig ekki um neinar flækjur en Alan bróðir hans er sjúklegur snyrtipinni sem á í stökustu vandræðum með sjálfstraustið.

▶**20.10 Beauty and the Geek** (5:10) Fimmti hópurinn af nördum og ljóskum er mættur til leiks í æsilegri keppni um það hvaða par skákar hinum í hinni víðfrægu kænsku- og krúttkeppni.

**20.55 Stelpurnar** Það er óhætt að segja að Stelpurnar hafi slegið í gegn með nýstárlegu gríni og glensi en vinsældir þeirra virðast ekkert ætla að dvína.

**21.20 Dreamgirls** Verðlaunamynd lauslega byggð á ferli The Supremes.

**23.25 The Mean Season**

**01.05 United 93**

**02.55 Rent**

**05.05 Friends** (18:24)

**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Aston Villa - Rapid Wien** Útsending frá leik í Evrópudeildinni.

**15.55 Aston Villa - Rapid Wien** Útsending frá leik í Evrópudeildinni.

**17.35 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.

**18.00 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi.

▶**18.30 Barcelona - Shakhtar Donetsk** Bein útsending frá leik í Super Cup.

**20.30 F1. Belgía: Æfingar** Útsending frá æfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Belgíu.

**21.00 Ultimate Fighter - Season 9** Allir fremstu bardagamenn heims mæta til leiks og keppa um titilinn The Ultimate Fighting Champion.

**21.45 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

**22.30 Poker After Dark**

**23.15 Barcelona - Shakhtar Donetsk** Útsending frá leik í UEFA Super Cup.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.30 Arsenal - Portsmouth** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**19.10 Wigan - Man. Utd.** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**20.50 Premier League World 2009/10** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

**21.20 Premier League Preview 2009/10** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

**21.50 PL Classic Matches** Arsenal - Man United, 1998. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.20 PL Classic Matches** Arsenal - Man United, 1999.

**22.50 Premier League Preview 2009/10**

**23.20 Tottenham - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**18.30 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**19.15 Welcome to the Captain** (2:5) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegan hóp fólks sem býr í sömu byggingu í Hollywood. Josh býður Hope að vera hjá sér á meðan bróðir hennar notar íbúðina hennar yfir helgi. (e)

**19.45 America’s Funniest Home Videos** (19:48) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

**20.10 The Contender Muay Thai** (2:15) Raunveruleikasería þar sem leitað er að næstu bardagastjörnu. Áður hafa efnilegir hnefaleikakappar fengið tækifæri en nú eru það keppendur í asísku bardagalistinni Muay Thai, sem er ein allra vinsælasta útgáfan af sparkboxi í heiminum.

▶**21.00 Á allra vörum** Söfnunar- og skemmtidagskrá í beinni útsendingu þar sem landsmönnum gefst kostur á að safna fyrir nýju hvíldarheimili fyrir krabbameinssjúk börn.

**00.00 Lipstick** Sjónvarpsmynd frá árinu 2006 byggð á metsölubókinni Why I Wore Lipstick To My Mastectomy eftir Geralyn Lucas. Geralyn var nýgift og búin að fá draumastarfið þegar hún greindist með krabbamein aðeins 27 ára. Hún var staðráðin í að vinna bug á krabbameininu. (e)

**01.30 CSI** (23:24) (e)

**02.10 The Dead Zone** (11:13) (e)

**03.00 Home James** (8:10) (e)

**03.30 Penn & Teller: Bullshit** (e)

**04.00 Penn & Teller: Bullshit** (e)

**04.30 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar..

**21.00 Reykjavík – Ísafjörður– Reykjavík** Fyrri hluti. Opinber heimsókn ÍNN í höfuðstað Vestfjarða.

**21.30 Græðlingur** (e)

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




3400 - 3ja sæta kr. 323.300 | Tilboðsverð kr. 193.980
3400 - 2ja sæta kr. 295.200 | Tilboðsverð kr. 177.000



2401 - 3ja sæta kr. 324.800 | Tilboðsverð kr. 194.880
2401 - 2ja sæta kr. 310.000 | Tilboðsverð kr. 186.000
2401 - Stóll kr. 255.800 | Tilboðsverð kr. 153.480



3050 - 3ja sæta kr. 284.000 | Tilboðsverð kr. 169.000
3050 - 2ja sæta kr. 248.500 | Tilboðsverð kr. 149.000

LÍNAN



Edge - Hornsófi 280x200 kr. 298.700
Tilboðsverð kr. 238.900 Litir: Sand og Night

Seljum eingöngu beint af lager okkar sem er aðeins opinn um helgar.
Lítil yfirbygging = betra verð

Opið um helgina
Föstudag 12 - 18
Laugardag 12 - 16



Slim - 3ja sæta kr. 169.800 | Tilboðsverð kr. 135.840
Slim - 2ja sæta kr. 132.600 | Tilboðsverð kr. 106.000

Akralind 9
201 Kópavogur
Sími 553 7100
www.linan.is

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.20**

### Dreamgirls



Margfræg og tilkomumikil verðlaunamynd sem er lauslega byggð á ferli The Supremes. Myndin skartar meðal annars stórstjörnunum Beyoncé Knowles, Jamie Foxx, Eddie Murphy og síðast en ekki síst Idol-stjörnunni Jennifer Hudson, sem fékk bæði Óskarsverðlaun og Golden Globe fyrir kröftuga túlkun sína og söng. Myndin var þar að auki valin besta myndin á Golden Globe-hátíðinni og færði Eddie Murphy hans fyrstu og einu Golden Globe-verðlaun. Myndin hlaut alls tvenn Óskarsverðlaun en átta tilnefningar.

**▶ VIÐ MÆLUM MEÐ**
**Á allra vörum**

**SkjárEinn kl. 21.00**

Söfnunar- og skemmtidagskrá í beinni útsendingu þar sem landsmönnum gefst kostur á að safna fyrir nýju hvíldarheimili fyrir krabbameinssjúk börn. Meðan á söfnuninni stendur verður fjöldi skemmtiatriða og landsþekktir einstaklingar svara í símann og taka á móti styrkjum. Allir sem koma að útsendingunni leggja átakinu lið í sjálfboðavinnu. Jóhanna Vilhjálmsdóttir, Svanhildur Hólm og Guðrún Þórðardóttir stýra þættinum og söfnuninni.

á allra vörum

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunfrúin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin - heldur áfram
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Borgarsögur
**15.03** Útvarpssagan: Nafnabókin
**15.25** Draumaprinsinn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Jazzhátíð á Rás 1
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Óvissuferð - allir velkomnir
**21.10** Húslestrar á Listahátíð 2009
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 93,5 | Rás 1 |
| FM 95,7 | FM957 | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 96,7 | Létt Bylgjan |
| FM 97,7 | X-ið | FM 98,9 | Bylgjan | FM 99,4 | Útvarp Saga |
| FM 90,1 | Rás 2 | FM 102,2 | Útvarp Latibær | FM 102,9 | Lindin |
| FM 105,5 | Útvarp Boðun | | | | |

## 2 EXTRA

**16.30 Doctors** (8:25) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside-spítalanum á fullt í fangi með að sinna sjúklingum sínum á milli þess sem það greiðir úr flækjum í einkalífinu.
**17.00 Doctors** (9:25)
**17.30 The Sopranos** (27:39) Þrátt fyrir að hafa átt mikilli velgengni að fagna í starfi og eiga góða fjölskyldu er fjölskyldumaðurinn og mafíuforinginn Tony Soprano þjáður á sálinni og á stöðugt í vandræðum með að finna jafnvægi milli vinnu og einkalífs.
**18.20 Big Day** (13:13) Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegan hátt um hinar mörgu spaugilegur hliðar á undirbúningnum fyrir brúðkaupsdaginn.
**18.40 Doctors** (8:25)
**19.10 Doctors** (9:25)
**19.40 The Sopranos** (27:39)
**20.25 Big Day** (13:13)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.20 Ísland í dag**
**▶21.40 Peep Show** (7:12) Gamanþættir um Mark og Jez, sérvitringa á þrítugsaldri sem deila íbúð en eiga ekkert sameiginlegt nema það að líf þeirra einkennist af endalausum flækjum og óreiðu.
**22.05 NCIS** (3:19) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
**22.50 Eleventh Hour** (6:18) Dr. Jacob Hood er eðlisfræðingur sem aðstoðar FBI við að rannsaka sakamál sem krefjast vísindalegrar úrlausnar eða eru talin af yfirnáttúrulegum toga.
**23.35 Fréttir Stöðvar 2**
**00.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**11.45** Absolutely Fabulous **12.15** Absolutely Fabulous **12.45** Only Fools and Horses **13.35** The Weakest Link **14.20** The Weakest Link **15.05** Only Fools and Horses **15.55** Only Fools and Horses **16.45** My Hero **17.15** Doctor Who **18.00** My Hero **18.30** Extras **19.00** Coupling **19.30** Blackadder the Third **20.00** The Jonathan Ross Show **20.50** Coupling **21.20** Blackadder Goes Forth **21.50** The Jonathan Ross Show **22.40** Coupling **23.10** Blackadder the Third **23.40** Extras

## DR 1

**10.35** Aftenshowet **11.00** Aftenshowet 2. del **11.30** Søren Ryge præsenterer **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Boogie Listen **15.00** Kærlighedshistorier **15.20** Oggy og kakerlakkerne **15.30** Fredagsbio **15.40** Den lille prinsesse **15.50** Manda **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Talent 09 **19.00** TV Avisen **19.30** Men in Black **21.05** Hold afstand **22.35** Truslen fra solen

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.05** Par i hjerter **11.55** Mine dager **12.00** NRK nyheter **12.05** Program ikke fastsatt **12.30** Andre avenyen **13.00** NRK nyheter **13.10** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** På fisketur med Bård og Lars **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Mamma Mø og Kråka **16.10** Mamma Mirabelle viser film **16.20** Pling Plong **16.35** Ugla **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Friidrett. Golden League fra Zürich **20.00** Taggart **21.10** Kveldsnytt **21.25** Tudors **22.20** Lionel Richie - live i Paris **23.10** 20 spørsmål **23.35** Country jukeboks m/chat

## SVT 1

**12.00** Monty - strandvaskaren **13.00** AnneMat **13.30** En nästan vanlig ungdom **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Anslagstavlan **15.00** Ridsport. EM 2009 **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Strömsö **16.55** Anslagstavlan **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Kristallen 2009 **20.15** Anger Management **22.00** Kulturnyheterna **22.15** Stressad, rädd och förbannad **22.45** Midnatt i ondskans och godhetens trädgård


Iceland Express

STYRKTARFÉLAG KRABBAMEINSSJÚKRA BARNA

Á ALLRA VÖRUM

SÖFNUNAR- OG SKEMMTIÞÁTTUR
TIL STYRKTAR KRABBAMEINSSJÚKUM BÖRNUM



BEIN ÚTSENDING
Í KVÖLD Á SKJÁEINUM

EITT SÍMTAL GETUR BREYTT ÖLLU

595 6000 – frjáls framlög
903 1000 – 1.000 kr.
903 3000 – 3.000 kr.
903 5000 – 5.000 kr.

Á ALLRA VÖRUM

BEIN ÚTSENDING Í KVÖLD
KL. 21.00

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Mér finnst veitingastaðurinn Caruso mjög fínn. En annars finnst mér sushi alltaf langbest, ég á þó enn eftir að prófa suma sushi-staðina hér heima þannig ég get ekki mælt með neinum sérstökum eins og er.“*

Linda Borg Arnardóttir, fatahönnuður og verslunarstjóri.

# Kate Winslet kemur Kela í heimsfréttirnar

„Við réðum sérstaka PR-manneskju fyrir ferð okkar út og hún sendi út litla fréttatilkynningu um að Kate talaði inn á myndina. Hún sagðist aldrei á ævinni hafa fengið önnur eins viðbrögð,“ segir Margrét Dagmar Ericsdóttir, móðir Kela, sólskinsdrengsins, og framleiðandi heimildarmyndarinnar um hann, Sólskinsdrengurinn.

Flestir af helstu netmiðlum heims hafa flutt fréttir af því að Óskarsverðlaunaleikkonan Kate Winslet sé sögumaður í myndinni og tali inn á hana fyrir Margréti Dagmar. Reuters-fréttastofan reið á vaðið í fyrrakvöld og fréttavefur BBC hafði síðan eftir Margréti að nærvera Winslet yrði til þess fallin að einhverfa myndi fá enn meiri athygli en áður „Hún er í mikilvægu hlutverki hvað það varðar,“ hefur BBC eftir framleiðandanum Margréti. Í fréttunum af málinu er greint frá því að Winslet sé í góðum hópi listamanna enda eigi bæði Björk og Sigur Rós lög í myndinni.

Margrét bætir því við að þau hafi sent eintak af myndinni á allar stærstu fréttastofurnar, þar á meðal bandarísku fréttastofuna CNN sem hafi strax sett sig í samband við Friðrik Þór Friðriksson, leikstjóra myndarinnar. Í framhaldinu er ráðgert að taka upp hálftíma viðtal við hann. Margrét reiknaði með að vera nánast eingöngu í viðtölum þegar nær drægi frumsýningu sem verður í Toronto þann 12. september. Þá hafa stórir dreifingaraðilar sett sig í samband við Margréti og á borði hennar eru nokkur tilboð um dreifingu sem verður lagst yfir á næstu dögum.

- fgg





**WINSLET HEFUR AÐDRÁTTARAFL** Erlendir fjölmiðlar hafa fjallað töluvert um aðkomu Kate Winslet að kvikmyndinni Sólskinsdrengurinn sem fjallar um hinn einhverfa Kela og baráttu fjölskyldu hans við einhverfu.



**LÁRÉTT**
2. merki, 6. gat, 8. yfirbragð, 9. skáhalli, 11. þófi, 12. ásamt, 14. munnbiti, 16. ætíð, 17. drulla, 18. námstímabil, 20. tvö þúsund, 21. maður.

**LÓÐRÉTT**
1. hróss, 3. í röð, 4. umhverfis, 5. til sauma, 7. frumefni, 10. tunnu, 13. temja, 15. handa, 16. afbrot, 19. númer.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. tákn, 6. op, 8. brá, 9. flá, 11. il, 12. saman, 14. tugga, 16. sí, 17. aur, 18. önn, 20. mm, 21. karl.

**LÓÐRÉTT:** 1. lofs, 3. áb, 4. kringum, 5. nál, 7. platína, 10. ámu, 13. aga, 15. arma, 16. sök, 19. nr.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Edward Kennedy.
2. Eysteinn Guðni Guðnason.
3. Ingólfur Sigurðsson.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR: ÖRUGGLEGA SLEGIST UM BÚNINGANA

# Sögufrægir búningar boðnir upp í Þjóðleikhúsinu

Opið hús verður í Þjóðleikhúsinu á morgun og af því tilefni verða sögufrægir búningar boðnir upp um þrjúleytið. „Þetta verður bara gaman. Þetta eru rosafínir búningar og það verður örugglega slegist um þetta,“ segir leikkonan Ólafía Hrönn Jónsdóttir, sem verður uppboðshaldari.

Alls verða fimm búningar boðnir upp úr jafnmörgum leikritum og munu þekkt andlit úr Þjóðleikhúsinu klæðast þeim í von um að gera þá enn þá söluvænlegri. Sjálfur þjóðleikhússtjórinn Tinna Gunnlaugsdóttir mun klæðast Smirnoff-kjólnum úr söngleiknum Ástin er diskó – lífið er pönk, Björn Thors verður í kóngabúningnum úr Hamlet, Birgitta Birgisdóttir klæðist búningi Grétu úr leikritinu Hans og Gréta, Friðrik Friðriksson verður í búningi bakaradrengsins úr Dýrunum í Hálsaskógi og Sigríður Þorvaldsdóttir klæðist búningi Soffíu frænku úr Kardemommubænum.

Ekki hefur verið ákveðið hvert upphafsverð búninganna verður en ljóst er að margir eiga eftir að bera víurnar í þá, enda ekki á hverjum degi sem almenningi gefst kostur á að eignast slíka kostagripi. Á opna deginum í fyrra voru til sölu sæti úr Þjóðleikhúsinu og kostaði stykkið sjö þúsund krónur. Runnu þau út eins og heitar lummur og prýða nú heimili íslenskra leikhússáhugamanna.

Ólafía Hrönn á von á skemmtilegum opnum degi bæði í Þjóðleikhúsinu og Borgarleikhúsinu, þar sem hann verður haldinn sama dag. „Það er um að gera fyrir fólk að fara í bæði húsin og taka pylsurnar hér og fá sér síðan vöfflurnar úr Borgarleikhúsinu,“ segir hún. „Það er mjög sniðugt fyrir fjölskyldur að koma og sjá hvernig veturinn lítur út hérna. Það var ógurlega gaman í fyrra. Þá var fólk að koma með börnin sín og þau sáu leikarana í nálægð. Krökkunum fannst það rosalega gaman.“

Á opna deginum, sem stendur yfir frá 13 til 16, verður jafnframt skráning í áheyrnarprufur fyrir söngleikinn Oliver! sem verður frumsýndur í febrúar. Leitað er að 20 til 30 drengjum á aldrinum 8 til 13 ára sem munu fara með hlutverk Olivers, Hrapps og drengjanna í þjófaflokknum og á munaðarleysingjahælinu.

freyr@frettabladid.is



**TINNA GUNNLAUGSDÓTTIR** Þjóðleikhússtjórinn ætlar að klæðast Smirnoff-kjólnum úr Ástin er diskó – lífið er pönk á uppboðinu á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Enn ein rósin hefur bæst í hnappagat **Ólafs Jóhannessonar** og heimildarmyndar hans um drottninguna Raquelu. Myndin hlaut, eins og frægt er orðið, Teddy-verðlaunin á kvikmyndahátíðinni í Berlín og í gær var tilkynnt að hún yrði framlag Íslendinga til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs. Ólafur er nýbúinn að ljúka tökum á kvikmyndinni Laxdælu Lárusar Skjaldarsonar og því er í nægu að snúast fyrir leikstjórann.



Íslensk landslið geta vart farið á stórmót í sinni íþróttagrein án þess að þurfa að taka á móti sjónvarpskálfunum **Auðunni Blöndal og Sverri Þór**. Íslensku stelpurnar eru þar engin undantekning en þeir félagar halda til Finnlands á morgun og ætla að taka hús á Margréti Láru og félögum. Þetta verður í fyrsta skipti sem Auddi og Sveppi taka íslenskar íþróttakonur tali en þeir hafa hingað til aðallega hangið utan í íslensku karlalandsliðunum í fótbolta og handbolta.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að **Eysteinn Guðni Gunnarsson** hygðist endurtaka leik Friðriks Þórs Friðrikssonar og gera kvikmynd um hringveginn með því að keyra hann á tveimur bílum; annars vegar á rafknúnum bíl og hins vegar á Porche. Og hefur myndinni verið gefið vinnuheitið Hringurinn 2. Nú virðist sem svo að til sé önnur slík mynd, sem var gerð fyrir tveimur árum en frumsýnd á Menningarnótt. Hún er eftir bræðurna Jónas og Böðvar Þór Unnarssyni og hefur nú verið kölluð Hringurinn 3.



- fgg

Heitirpottar.is
Rafmagnspottar • Hitaveituskeljar • Billiardborð.
Mikið úrval.

HREINSIEFNI fyrir allar tegundir potta.
Klór - síur og það nýjasta er flotholtið.
Arctic Spas
Heitirpottar og skeljar
Kleppsvegur 152 sími 554 7755
(áður bakarí Jóa Fel)

# Q4U nýtur vinsælda í Berlín

„Það er komið eitthvað Q4U-költ í Berlín og það veit enginn út af hverju,“ segir Gunnþór Sigurðsson, bassaleikari pönksveitarinnar Q4U.

Nýlega kom hingað til lands Þjóðverji sem keypti upp lagerinn af síðustu plötu Q4U, Q2, sem innihélt um 150 eintök. Síðan þá hefur hann pantað þúsund eintök til viðbótar sem hann vill selja í Berlín. „Ef við ættum að reyna að sinna þessu þyrftum við að búa til fleiri diska,“ segir Gunnþór, sem hefur ákveðnar grunsemdir um vinsældirnar í Þýskalandi. „Þetta er eitthvað út af þessari tengingu sem Q4U hefur við „goth“ þegar það er að byrja. Mér finnst þetta samt skrítið því á disknum eru lög sem eru 40 sekúndur. Það er ekki mikið „goth“ í því. Mottóið okkar er að ef þú getur ekki sagt það sem þú átt að segja á þremur mínútum áttu bara að vinna í bókabúð.“

Gunnþór vill hvorki játa né neita því að tónleikar í Berlín séu í bígerð til að fylgja vinsældum sveitarinnar í Þýskalandi eftir. „Við ætlum að spila eitthvað heima og jafnvel fljótlega en hvar og klukkan hvað verður ekki sagt. Þetta er meira til gamans gert. Bandið er að æfa sig og það er allt í hinu mesta leyndói. Við mætum helst í dulargervi því við erum orðin svo fræg í Berlín,“ segir hann og hlær.

- fb



**Q4U** Söngkonan Elly ásamt félögum sínum í Q4U á tónleikum. Sveitin hefur eignast aðdáendahóp í Berlín.

TAX FREE

# STÆRSTA OUTLET LANDSINS

# MERKJA OUTLET

## KORPUTORGI

Reebok · Viking · Brandtex · Tamaris · ICHI · hummel · RUGBY JEANS CO. · arena · true · DIDRIKSONS1913

**Barnalúffur**
995 kr.

**Háskólabolir**
Með vasa
1.595 kr.

**Arena**
Sundbolir
2.995 kr.

**Pony**
Strigaskór fyrir dömur
3.995 kr.

Dömufatnaður

Herrafatnaður

Barnafatnaður

Íþróttafatnaður

Sundfatnaður

Töskur

Skór

**Hummel**
Íþróttabuxur fyrir dömur
4.995 kr.

**Viking**
GoreTex kuldaskór fyrir börn (23-28)
5.995 kr.

**Helly Hansen**
Regngallar fyrir börn
5.999 kr.

**Didriksons**
Kuldagallar fyrir börn
7.995 kr.

**Opið alla daga frá 12 til 18 - Sími 578 9400**

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is DREIFING: dreifing@posthusid.is Veffang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000









**BAKÞANKAR**
Brynhildar Björnsdóttur

## Nöfnin okkar

Ég heiti Brynhildur og er Björnsdóttir. Ég er kölluð Brynhildur, ekki Björnsdóttir. Fornafnið mitt er það sem ég kynni mig með, eftirnafnið greinir mig frá öðrum Brynhildum og tengir mig við fornafnið hans pabba míns eins og sumir tengja sig við fornafn mömmu sinnar. Ég hef ekkert ættarnafn sem hefur tengt fjölskylduna saman mann fram af manni og merkt hana fyrir öðrum, tilheyri engu klani sem kennir sig við stað og ber ekki starfsheiti forfeðra minna í marga ættliði eins og tíðkast í öðrum löndum, með ættarnöfnum eins og Baker, Carter og Schneider. Ég er reyndar komin af Axlar-Birni og það væri forvitnilegt að vita hvernig starfsheiti hans hefði lagað sig að nafnahefðum. Brynhildur Fjöldmorð, til dæmis.

**NAFNAHEFÐ** okkar Íslendinga er frábrugðin nafnahefð flestra annarra. Það eru ekki margar þjóðir sem hafa fornöfn í jafnmiklum hávegum og við. Forsetinn heitir Ólafur Ragnar, ekki mr. Grimsson, konan hans heitir Dorrit, fjármálaráðherrann heitir Steingrímur Joð. Pabbi hans heitir Sigfús. Einstöku sinnum er nauðsynlegt að bæta eftirnafninu við, einna helst þegar margir bera sama fornafnið í sama hópi. Annars notum við Íslendingar flestir fornöfnin okkar og fornöfn foreldra okkar til að kynna okkur og kalla hvert á annað.

**ÉG HEF** reyndar verið kölluð Ms Bjornsdottir. Á flugmiðum, hótelbókunum og þegar ég hef pantað eitthvað á netinu. Í öllum tilfellum þegar ég er í samskiptum við útlönd. Ég hef náttúrulega líka verið kölluð Ms Bjoersdotter, Miss Beonsdotir og útgáfurnar eru fleiri og skrautlegri.

**EN ÞAÐ** er ekki ég. Brynhildur, það er ég. Íslendingar heita fornafninu sínu og bera eftirnafnið, svo einfalt er það. Og heimurinn fer svo hratt minnkandi að ég er viss um að bráðum verður nóg að skrifa Brynhildur B.

**ÞESS VEGNA** varð ég alveg óskaplega glöð þegar ég sá stelpurnar okkar á vellinum í Tampere um daginn. Glöð yfir þeim, velgengni þeirra, orkunni sem stafar af þeim, treyjunum sem þær klæddust og síðast en ekki síst: nöfnunum þeirra. Hólmfríður í staðinn fyrir Magnusdottir, Margrét Lára í staðinn fyrir Vidarsdottir. Falleg íslensk fornöfn, nöfnin sem við, aðdáendur þeirra, þekkjum þær með, skrifuð á íslensku.

**ÍSLENSKIR** stafir, íslensk hefð, íslenskar stelpur, flottastar í heimi.



**GÓÐAN DAG!**

Í dag er föstudagurinn 28. ágúst 2009, 240. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.58 | 13.29 | 20.57 |
| Akureyri | 5.36 | 13.14 | 20.49 |

Heimild: Almanak Háskólans


